

**TILSKIPUN RÁÐSINS 92/116/EBE****frá 17. desember 1992****um breytingu og uppfærslu á tilskipun 71/118/EBE um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Alifuglakjöt er á vörulistanum í II. viðauka við sáttmálann. Framleiðsla á og viðskipti með alifuglakjöt er mikilvæg tekjulind fólks í landbúnaði.

Til að tryggja skynsamlega þróun á þessu sviði og auka framleiðni er nauðsynlegt að settar verði á vettvangi bandalagsins almennar heilbrigðisreglur um framleiðslu og markaðssetningu.

Í tilskipun 71/118/EBE <sup>(4)</sup> er kveðið á um heilbrigðisskilyrði sem uppfylla þarf í tengslum við viðskipti með alifuglakjöt.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 36, 14. 2. 1992, bls. 9; Stjtið. EB nr. C 84, 2. 4. 1990, bls. 71; Stjtið. EB nr. C 276, 23. 10. 1991, bls. 10 og Stjtið. EB nr. C 262, 14. 10. 1981, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 183, 15. 7. 1991, bls. 56 og Stjtið. EB nr. C 129, 20. 5. 1991, bls. 166.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 332, 31. 12. 1990, bls. 56.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48).

Bandalagið þarf að samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir til að koma smám saman á fót innri markaði án innri landamæra fyrir 31. desember 1992.

Í tilskipun 89/662/EBE <sup>(5)</sup> voru settar reglur um eftirlit sem þarf að fara fram til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á og einkum var felld niður dýraheilbrigðis- eftirlit á landamærum aðildarríkjanna. Þessi ákvæði skulu gilda um nýtt alifuglakjöt.

Til að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að breyta reglum sem eru settar í tilskipun 71/118/EBE þannig að þær samræmist nýju aðferðinni í bandalaginu.

Í þessu sambandi ættu framleiðendur að bera meginábyrgðina á því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar og yfirvöldum ber að fylgjast með beitingu meginreglunnar um innra eftirlit.

Markmiðið með þessari aðlögun er einkum að staðla heilbrigðiskröfur við framleiðslu, geymslu og flutninga á alifuglakjöti.

Það virðist nauðsynlegt að kveða á um að ákveðnar gerðir beinnar sölu séu undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun skal ekki gilda um tiltekna afurðir sem eru seldar beint frá framleiðanda til neytanda.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

Hugsanlegt er, vegna sérstakra aðstæðna, að einhverjar starfsstöðvar sem hófu rekstur fyrir 1. janúar 1992 geti ekki farið að reglunum sem eru settar í þessari tilskipun.

Taka ber upp kerfi til viðurkenningar á starfsstöðvum sem uppfylla heilbrigðiskröfur þessarar tilskipunar ásamt skoðunaraðferð bandalagsins til að tryggja að skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu séu virt.

Um viðurkenningu á starfsstöðvum með litla afkastagetu ættu að gilda einfaldari reglur um skipulag og innréttingar án þess að vikið sé frá hreinlætisreglum þessarar tilskipunar.

Heilbrigðismerking á alifuglakjöti er besta tryggingin sem lögbær yfirvöld á ákvörðunarstað geta fengið fyrir því að vörusending uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar. Heilbrigðisvottorðið skal þó notað áfram til að hafa eftirlit með ákvörðunarstöðum sumra tegunda af alifuglakjöti þar sem það er notað áfram af dýraheilbrigðissjónarmiðum.

Um afurðir frá þriðju löndum sem eru settar á markað í bandalaginu verða að gilda sömu varnir að því er heilbrigði manna varðar. Vegna þessara afurða ber því að krefjast sams konar ábyrgða og veittar eru vegna afurða sem eru upprunnar í bandalaginu og um þær skulu gilda sömu meginreglur og reglur um eftirlit sem er að finna í tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>.

Með tilliti til þess tíma sem það tekur að koma á skoðunarkefri bandalagsins til að tryggja að þriðju lönd veiti ábyrgðirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun skulu innlend ákvæði um eftirlit með þessum löndum gilda tímabundið.

Framkvæmdastjórninni skal falið að gera tilteknar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun. Með það í huga skal kveðið á um aðferðir til að koma á náinni og árangursríkri samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Vegna sérstakra birgðavandamála í Lýðveldinu Grikklandi er stafa af landfræðilegri legu þess skal veita því aðildarríki sérstakar undanþágur. Af sömu ástæðu skal veita afskekktum héruðum viðbótarfrest til að fara að kröfum þessarar tilskipunar.

Setning sérstakra reglna um afurðir sem falla undir þessa tilskipun hefur ekki áhrif á setningu reglna um hreinlæti og

<sup>(1)</sup> Stjútö. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjútö. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

öryggi í matvælaíðnaði almennt sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að rammatilskipun um.

Frestur til að framfylgja ákvæðum þessarar tilskipunar má ekki hafa áhrif á niðurfellingu dýraheilbrigðiseftirlits á landamærum hinn 1. janúar 1993.

Til glöggvunar er rétt að uppfæra tilskipun 71/118/EBE.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Textinn í viðauka B við þessa tilskipun kemur í stað fyrirsagnarinnar, greinanna og viðaukanna við tilskipun 71/118/EBE.

##### 2. gr.

1. Ákvæðum 2. liðar þáttar A í 3. gr. í tilskipun ráðsins 77/99/EBE frá 21. desember 1976, um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins <sup>(2)</sup>, er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„2. vera unnar úr nýju kjöti eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. enda uppfylli kjöt sem er flutt inn frá þriðja landi lágmarkskröfur III. kafla tilskipunar 71/118/EBE og hefur verið skoðað í samræmi við tilskipun 90/675/EBE;“

b) eftirfarandi bætist við upphafsorð annarrar málsgreinar, á eftir tilvísuninni í tilskipun 64/433/EBE:

„í þriðju undirgrein 1. mgr. 4. gr. og IX. kafla I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, og sem almenn regla allt kjöt sem hefur verið lýst óhæft til manneldis samkvæmt reglum bandalagsins“.

2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/879/EBE frá 3. september 1980, um heilbrigðismerkingar stórra pakkinga af nýju alifuglakjöti <sup>(3)</sup>, er hér með numin úr gildi.

3. Í stað annarrar undirgreinar i-liðar 4. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992, um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápvilltra

<sup>(2)</sup> Stjútö. EB nr. L 26, 31. 9. 1977, bls. 85. Tilskipunin var uppfærð með tilskipun 92/5/EBE (Stjútö. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1) og síðast breytt með tilskipun 92/45/EBE (Stjútö. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35).

<sup>(3)</sup> Stjútö. EB nr. L 251, 24. 9. 1980, bls. 10. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun 92/189/EBE (Stjútö. EB nr. L 87, 2. 4. 1992, bls. 25).

veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar <sup>(1)</sup>, komi eftirfarandi:

„Ákvæði 68. liðar í XII. kafla tilskipunar 71/118/EBE um heilbrigðismerkingar á stórum pakkningum skulu gilda að breyttu breytanda um kjöt af smávillibráð“;

4. Tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum <sup>(2)</sup>, er breytt sem hér segir:

a) í stað 6. liðar þáttar A í 3. gr. komi eftirfarandi:

„6. fylgir, ef hann er ætlaður aðildarríki eða héraði í aðildarríki sem hefur verið viðurkennt sem laust við Newcastle-veiki eða ætlaður aðildarríki eftir umflutning um þriðja land, heilbrigðisvottorðið sem er sýnt í viðaukanum“;

b) í stað viðaukans komi viðauki A við þessa tilskipun.

5. Í 3. lið annarrar málsgreinar 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990, um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöti og alivillibráð <sup>(3)</sup>, komi „2. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE“ í stað „1. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE“.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1994, nema þegar um er að ræða starfsstöðvar í:

— afskekktum héruðum, sem eru viðurkenndar í samræmi við 17. gr. tilskipunar 90/675/EBE <sup>(4)</sup>, þar með talið —

að því er Konungsríkið Spán varðar — Kanaríeyjar, og í samræmi við 13. gr. tilskipunar 91/496/EBE <sup>(5)</sup>, og

— nýju sambandsríkjunum (Länder) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi sem endurreisnarætlanir taka til,

vegna þeirra ber þeim að fara að ákvæðum tilskipunar þessarar eigi síðar en 1. janúar 1995; setja skal afurðir frá þessum starfsstöðvum á makið í umræddum héruðum.

Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Frestur til að setja innlend lög miðast við 1. janúar 1994 og hefur ekki áhrif á niðurfellingu dýraheilbrigðiseftirlits á landamærum sem kveðið er á um í tilskipun 89/662/EBE.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GUMMER

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 35.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 56).

<sup>(5)</sup> Tilskipun ráðsins frá 15. júlí 1991 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og um breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1992, bls. 56). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/628/EBE (Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17).

VIÐAUKI A

„VIÐAUKI

FYRIRMYND

**HEILBRIGÐISVOTTORÐ**

**með nýju alifuglakjöti<sup>(1)</sup>**

Nr.<sup>(2)</sup> .....

Ferlingarstaður: .....

Ráðuneyti: .....

Deild: .....

Tilvísun<sup>(2)</sup>: .....

**I. Upplýsingar um kjötið**

Kjöt af: .....  
(dýrategund)

Hvernig stykkjað: .....

Tegund umbúða: .....

Fjöldi stykkja eða pakkninga: .....

Mánuður og ár þegar kjötið var fryst: .....

Nettóþyngd: .....

**II. Uppruni kjötsins**

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkennds/dra sláturhúss/a: .....

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkenndrar/dra stykkjunarstöðvar/a: .....

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkenndrar/dra kæligeymslu/na: .....

**III. Viðtökustaður kjötsins**

Kjötið verður sent frá: .....  
(ferlingarstaður)

til: .....  
(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki<sup>(3)</sup>: .....

Nafn og heimilisfang sendanda: .....

Nafn og heimilisfang viðtakanda: .....

<sup>(1)</sup> Nýtt alifuglakjöt er: nýtt kjöt af hænsnum, kalkúnum, perluhænsnum, öndum, gæsnum, kornhænum, dúfum, fashönum og akurhænum, ræktuð sem húsdýr, sem hefur ekki fengið neina meðferð til að lengja endingartíma þess. Þó telst kjöt sem hefur verið kælt eða fryst vera nýtt.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst.

<sup>(3)</sup> Þegar um járnbrautarvagna og vörubíla er að ræða skal gefa upp skráningarnúmer en flugnúmer fyrir loftför og heiti ásamt gámanúmeri þegar um skip er að ræða.

**IV. Vottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti að alifuglakjötið sem lýst er hér að framan fullnægir kröfum tilskipunar ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum, og einnig kröfum annarrar undirgreinar 1. mgr. þáttar A í 3. gr. þeirrar tilskipunar enda á að senda kjötið til aðildarríkis eða héraðs í aðildarríki sem hefur verið viðurkennt sem laust við Newcastle-veiki.“

Gjört í ....., hinn .....

.....  
(Undirskrift opinbers dýralæknis)

## VIÐAUKI B

## Tilskipun ráðsins 71/118/EBE um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á nýju alifuglakjöti

## I. KAFLI

## Almenn ákvæði

## 1. gr.

Í þessari tilskipun eru settar heilbrigðisreglur um framleiðslu og markaðssetningu á nýju alifuglakjöti.

Þessi tilskipun gildir ekki um stykkjun og geymslu á nýju alifuglakjöti í smásöluverslunum eða á athafnasvæðum í tengslum við sölustaði þar sem stykkjun og geymsla fara eingöngu fram með beina sölu til neytenda í huga enda eru slíkar aðgerðir áfram háðar almenna heilbrigðiseftirlitinu sem kveðið er á um í innlendum reglum um smásölu.

## 2. gr.

Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 1- til n-liðar og q- til s-liðar í 2. gr. tilskipunar 77/99/EBE <sup>(1)</sup>.

Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „*alifuglakjöt*“: allir hlutar sem eru hæfir til manneldis af eftirfarandi tegundum húsdýra: hænsnum, kalkúnum, perluhænsnum, öndum og gæsum;
2. „*nýtt alifuglakjöt*“: alifuglakjöt, þar með talið í lofttæmdum umbúðum eða sem er pakkað undir eftirliti og hefur ekki fengið neina aðra meðhöndlun en kælingu til að tryggja ferskleika þess;
3. „*skrokkur*“: allur skrokkur fugls sem um getur í 1. lið eftir að honum hefur verið látið blæða, hann verið reyttur og innyfli fjarlægð; þó er valfrjálst hvort hjarta, lifur, lungu, fóarn, sarpur og nýru, lappir við hækil (tarsus), haus, vélinda eða barki sé fjarlægður;
4. „*skrokkahlutar*“: hlutar skrokksins eins og skilgreint er í 3. lið;
5. „*sláturúrgangur*“: nýtt alifuglakjöt annað en það sem er af skrokknum samkvæmt 3. lið, jafnvel þó að það sé náttúrulega tengt skrokknum, auk hauss og lappa þegar þessir hlutar hafa verið teknir af skrokknum;

<sup>(1)</sup> Stjútö. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 85. Tilskipunin var uppfærð með tilskipun 92/5/EBE (Stjútö. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1) og síðast breytt með tilskipun 92/45/EBE (Stjútö. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35).

6. „*innyfli*“: sláturúrgangur úr brjóst-, kviðar- og grindarholi, að, eftir atvikum, barka, vélinda og sarpnum meðtöldum;
7. „*opinber dýralæknir*“: dýralæknir sem er tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins;
8. „*aðstoðarmaður*“: sérmenntaður einstaklingur sem er opinberlega tilnefndur af lögbæru yfirvaldi samkvæmt 2. mgr. 8. gr. opinbera dýralækninum til aðstoðar;
9. „*heilbrigðisskoðun fyrir slátrun*“: skoðun á lifandi alifuglum gerð í samræmi við kröfur VI. kafla I. viðauka;
10. „*heilbrigðisskoðun eftir slátrun*“: skoðun á alifuglum, eftir að þeim hefur verið slátrað, gerð í sláturhúsinu í samræmi við kröfur VIII. kafla I. viðauka;
11. „*flutningataeki*“: þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna og loftfara sem eru ætlaðir undir vörur, lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, á sjó eða í lofti;
12. „*starfsstöð*“: viðurkennt sláturhús, viðurkennd stykkjunarstöð, viðurkennd kæligeymsla, viðurkennd pökkunarstöð eða miðstöð með nokkrum slíkum starfsstöðvum.

## II. KAFLI

## Reglur um framleiðslu bandalagsins

## 3. gr.

- I. Nýtt alifuglakjöt verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - A. Skrokkar og sláturúrgangur skulu:
    - a) vera af dýri sem hefur verið skoðað fyrir slátrun í samræmi við VI. kafla I. viðauka og talið við slíka skoðun hæft til slátrunar og til markaðssetningar á nýju alifuglakjöti;
    - b) koma frá viðurkenndu sláturhúsi sem er með innra eftirliti í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og er háð eftirliti lögbærs yfirvalds í samræmi við 8. gr.;

- c) hafa verið meðhöndluð við fullnægjandi hreinlætisskilyrði í samræmi við VII. kafla I. viðauka;
- d) hafa verið skoðuð eftir slátrun í samræmi við VIII. kafla I. viðauka og ekki verið talin óhæf til manneldis samkvæmt IX. kafla I. viðauka;
- e) vera með heilbrigðismerki í samræmi við XII. kafla I. viðauka enda er gengið út frá því að ekki sé þörf á slíku merki fyrir skrokka sem á að stykkja í sömu starfsstöð;
- f) að lokinni skoðun eftir slátrun vera meðhöndluð í samræmi við 46. lið VII. kafla I. viðauka og komið í geymslu í samræmi við XIII. kafla I. viðauka við fullnægjandi hreinlætisskilyrði;
- g) hafa verið pakkað á viðeigandi hátt í samræmi við XIV. kafla I. viðauka; þegar hlífðarumbúðir eru notaðar verða þær að fullnægja kröfum þess kafla.
- Til þess getur komið að ákvörðun verði tekin um að bæta við ákvæði þess kafla, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., svo að einkum sé tekið tillit til mismunandi aðferða í greininni þegar varan er til sýnis og sölu, að því tilskildu að farið sé að hreinlætisreglum;
- h) hafa verið flutt í samræmi við XV. kafla I. viðauka;
- i) á meðan á flutningum stendur vera með:

— annaðhvort verslunarskjal. Þetta skjal verður:

— auk upplýsinganna sem kveðið er á um í 66. lið XII. kafla I. viðauka, að vera með kenninúmer sem hægt er að nota til að bera kennsl á lögbæra yfirvaldið sem annast eftirlit með upprunastarfsstöðinni og á opinbera dýralækninn sem annaðist heilbrigðissskoðunina daginn sem kjötið var framleitt,

— að vera í vörslu viðtakanda í að minnsta kosti eitt ár svo að hægt sé að framvísa því að beiðni lögbæra yfirvaldsins,

— eða heilbrigðisvottorð eins og sýnt er í VI. viðauka þegar um nýtt alifuglakjöt sem um getur í 2. gr. er að ræða frá slátruhúsi í héraði eða á svæði þar sem höft eru í gildi af heilbrigðisástæðum, eða þegar um er að ræða nýtt alifuglakjöt sem á að senda til annars aðildarríkis eftir umflutning um þriðja land í innsigliðu flutningatæki.

Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessa liðar, einkum að því er varðar úthlutun kenninúmera og framsetningu einnar eða fleiri skráa með upplýsingum um lögbær yfirvöld, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

#### B. 1. Skrokkahlutar eða úrbeinað kjöt skal:

- a) hafa verið stykkjað og/eða úrbeinað í stykkjunarstöðvum sem eru viðurkenndar og undir eftirliti samkvæmt 6. gr.;
- b) hafa verið stykkjað og fengið í samræmi við kröfur VII. kafla I. viðauka og vera af:
- dýrum sem hefur verið slátrað í bandalaginu og uppfylla kröfurnar sem um getur í þætti A í þessari grein,
  - innfluttum alifuglaskrokkum frá þriðju löndum samkvæmt III. kafla I. viðauka og hafa gengist undir eftirlitið sem kveðið er á um í tilskipun 90/675/EBE <sup>(1)</sup>;
- c) vera undir eftirliti sem kveðið er á um í ii-lið b-liðar í i-lið 8. gr.;
- d) uppfylla kröfur c-, h- og i-liðar þáttar A í þessari grein;
- e) vera sett í umbúðir, innpakkað eða merkt í samræmi við e- og g-lið þáttar A í þessari grein á staðnum eða í þökkunarmiðstöðvum sem lögbæra yfirvaldið hefur viðurkennt sérstaklega í þessu skyni;
- f) hafa verið geymt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði og í samræmi við ákvæði XIII. kafla I. viðauka.

2. Þegar stykkjunarstöðvar nota nýtt kjöt annað en alifuglakjöt verður það að uppfylla viðkomandi staðla samkvæmt tilskipunum 64/433/EBE <sup>(2)</sup>, 91/495/EBE <sup>(3)</sup> og 92/45/EBE <sup>(4)</sup>.

C. Nýtt kjöt sem hefur verið geymt í samræmi við þessa tilskipun í kæligeymslu sem er viðurkennd af aðildarríki og sem hefur ekki fengið neina

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/497/EBE (Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 69).

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1991, bls. 35.

aðra meðhöndlun þar á eftir, nema í tengslum við geymslu, verður að uppfylla kröfur c-, e-, g- og h-liðar í þætti A og þáttar B í þessari grein eða vera nýtt alifuglakjöt flutt inn frá þriðju löndum í samræmi við III. kafla og vera undir eftirliti samkvæmt tilskipun 90/675/EBE.

II. Aðildarríkin geta vikið frá kröfum þáttar A hvað varðar nýtt alifuglakjöt sem bændur, með ársframleiðslu upp á 10 000 fugla af tegundunum sem um getur í 1. lið annarrar málsgreinar 2. gr., selja í smáum stíl:

- annaðhvort beint til neytenda, á bújörðinni eða á vikulegum mörkuðum í næsta nágrenni við bújarðirnar,
- eða til smásala með beina sölu til neytenda í huga, að því tilskildu að slíkir smásalar stundi starfsemi sína á sama stað og framleiðandi eða á nærliggjandi stað.

Aðildarríkin geta tilgreint að hve miklu leyti framangreind viðskipti geta, sem undanþága frá þætti B, einnig tekið til stykkjunnar.

Þessi undantekning skal ekki gilda um farandsölu, póstverslun eða, að því er smásala varðar, sölu á markaði.

Framangreind viðskipti skulu áfram heyra undir heilbrigðiseftirliti sem kveðið er á um í innlendum reglum.

III. Með fyrirvara um dýraheilbrigðiskröfur bandalagsins gildir I. mgr. heldur ekki um:

- a) nýtt alifuglakjöt sem á að nota í annað en neyslu;
- b) nýtt alifuglakjöt sem á að nota á sýningar, við sérstakar rannsóknir eða greiningu, að því tilskildu að með opinberu eftirliti verði kleift að tryggja að kjötið verði ekki notað til neyslu og að kjötinu verði fargað þegar sérstakar rannsóknir eða greining hefur farið fram, að undanskildu kjöti sem er notað við greiningu;
- c) nýtt alifuglakjöt sem á eingöngu að fara til alþjóðasamtaka.

#### 4. gr.

1. Til viðbótar kröfum þáttar A í I. hluta 3. gr. og með fyrirvara um reglur bandalagsins um rannsóknir á dýrum og

nýju kjöti vegna efnaleifa skulu aðildarríkin sjá til þess að nýtt alifuglakjöt eða alifuglar séu settir í:

- a) efnaleifarannsókn ef opinberi dýralæknirinn hefur á grundvelli niðurstaðna af skoðun fyrir slátrun eða annarra upplýsinga grunsemdir um að þær kunni að vera fyrir hendi;
- b) sýnatöku sem kveðið er á um í I. hluta IV. viðauka við tilskipun 92/117/EBE <sup>(1)</sup>.

Rannsóknin sem kveðið er á um í a-lið skal gerð til að kanna leifar efna sem hafa lyfjaverkan og afleiður þeirra, hvort biðtími sé virtur og hvort fyrir hendi séu önnur efni sem geta borist í alifuglakjöt og geta gert neyslu nýs alifuglakjöts hættulega eða skaðlega heilsu manna.

Prófunin sem um getur í fyrri undirgrein skal fara fram í samræmi við prófaðar aðferðir sem eru vísindalega viðurkenndar, einkum þær sem bandalagið hefur mælt fyrir um eða eru notaðar á alþjóðavettvangi.

Það verður að vera hægt að meta niðurstöður rannsóknanna með því að nota tilvísunaraðferðir sem mælt er fyrir um í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 3. mgr.

Ef niðurstöðurnar reynast jákvæðar skal opinberi dýralæknirinn gera viðeigandi ráðstafanir með tilliti til eðlis áhættunnar og einkum:

- herða eftirlit með ræktuðum alifuglum eða hverju því kjöti sem er fengið við tæknilega svipaðar aðstæður og getur því skapað svipaða hættu,
- herða eftirlit með öðrum hópum á upprunabújörðinni og, ef vandamálið tekur sig upp, gera viðeigandi ráðstafanir varðandi upprunabújörðina,
- ef um umhverfismengun er að ræða að gera ráðstafanir varðandi framleiðslukeðjuna.

2. Ákveða skal vikmörk efnanna sem um getur í 1. mgr., annarra en þeirra sem um getur í tilskipun 86/366/EBE <sup>(2)</sup>, í samræmi við málsmæðferðina í reglugerð (EBE) nr. 2377/90 <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 92/117/EBE frá 17. desember 1992 um verndarráðstafanir gegn tilteknum dýrasjúkdómum og -sjúkdómsvöldum í dýrum og dýraafurðum, sem geta borist til manna, til að koma í veg fyrir smit frá matvælum og matareitrun (Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 38).

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 43.

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 675/92 (Stjttíð. EB nr. L 73, 19. 3. 1992, bls. 8).

3. Ákveða skal tilvísunaraðferðina í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

6. gr.

Í samræmi við sömu málsmeðferð er hægt að taka ákvörðun um að rannsóknirnar taki til annarra efna en þeirra sem um getur í 1. mgr.

4. Þar til ákvæði til framkvæmdar þessari grein taka gildi skulu innlendar reglur gilda áfram enda séu þær í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans.

5. gr.

1. Með fyrirvara um tilskipanir 91/494/EBE <sup>(1)</sup>, 81/602/EBE <sup>(2)</sup> og 88/146/EBE <sup>(3)</sup> eða takmarkanir sem eru settar með tilskipun 92/117/EBE má ekki setja alifuglakjöt á markað til mannelis ef:

- a) það er af alifugli sem er sýktur af sjúkdóminum sem um getur í tilskipun 91/494/EBE;
- b) það sýnir merki um leifar í þeim mæli sem er umfram vikmörkin sem verða sett samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eða hefur verið meðhöndlað með sýklalyfjum, kjötmeyrum eða rotvarnarefnum, nema þessi rotvarnarefni séu heimil samkvæmt löggjöf bandalagsins, enda séu vatnsbindandi efni bönnuð; hið sama gildir um allt það alifuglakjöt sem er fengið við svipaðar tæknilegar aðstæður og getur þar af leiðandi sama hættu stafað af;
- c) það er af dýrum sem hafa einhvern þeirra ágalla sem eru taldir upp í a-lið 53. liðar IX. kafla I. viðauka;
- d) það hefur verið lýst óhæft til mannelis samkvæmt b-lið 53. liðar og 54. lið IX. kafla I. viðauka.

2. Uns ákvæði bandalagsins öðlast gildi skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á ákvæði aðildarríkja varðandi meðferð á alifuglakjöti með jónun og útfjólubláum geislum. Öll viðskipti með afurðir sem hafa fengið slíka meðferð heyra undir ákvæði 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/662/EBE. Með þetta í huga skal upprunaaðildarríki sem beitir þessari meðferð ekki afgreiða afurðir sem hafa fengið slíka meðferð til aðildarríkis þar sem slík meðferð er bönnuð samkvæmt lögum enda hafi það tilkynnt framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um bannið í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 222, 7. 8. 1981, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 85/358/EBE (Stjtið. EB nr. L 191, 23. 7. 1985, bls. 46).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 70, 16. 3. 1988, bls. 16.

1. Hvert aðildarríki skal taka saman skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar aðrar en þær sem um getur í 7. gr. og skal hver þeirra hafa löggildingarnúmer dýralæknis. Það skal senda þessa skrá til annarra aðildarríkja og til framkvæmdastjórnarinnar.

Úthluta má einu löggildingarnúmeri til starfsstöðvar þar sem fram fer vinnsla eða innpökkun á afurðum sem eru framleiddar úr eða með hráefnunum sem fjallað er um í einni af tilskipunum sem um getur í d-lið 2. gr. tilskipunar 77/99/EBE.

Lögbæra yfirvaldið skal ekki viðurkenna starfsstöð nema það hafi gengið úr skugga um að hún uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

Ef hreinlæti reynist ábótavant og hafi ráðstafanirnar sem kveðið er á um í annari undirgrein 51. liðar VIII. kafla I. viðauka ekki reynst fullnægjandi skal lögbært innlent yfirvald tímabundið fella viðurkenningu niður.

Ráði stjórnandi starfsstöðvarinnar, eigandi eða fulltrúi hans, ekki bót á þeim ágöllum sem fundist hafa innan þess frests sem lögbært innlent yfirvald ákveður skal það afturkalla viðurkenninguna.

Fari eftirlit fram í samræmi við 10. gr. skal aðildarríkið taka fullt tillit til niðurstaðna þess. Tilkynna skal aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um afturköllun viðurkenningar.

2. Stjórnandi starfsstöðvar, eigandi eða fulltrúi hans, verður að hafa reglulegt eftirlit með almennu hreinlæti við framleiðslu í starfsstöð sinni, meðal annars með örverufræðilegu eftirliti.

Eftirlitið skal taka til verkfæra, búnaðar og véla á öllum framleiðslustigum og, ef þörf krefur, afurða.

Stjórnandi starfsstöðvar, eigandi eða fulltrúi hans, verður að geta, fari lögbæra yfirvaldið fram á það, upplýst opinbera dýralækninn, eða sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis, um eðli, tíðni og niðurstöður eftirlitsins sem fram fer í þessu skyni, ásamt heiti rannsóknarstofunnar ef svo ber undir.

Hvernig eftirliti er háttað og hve oft það fer fram, ásamt sýnatökuaðferðum og aðferðum við örverufræðilegt próf, skal ákveðið í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

3. Stjórnandi starfsstöðvar, eigandi eða fulltrúi hans, verður að halda fræðslunámskeið fyrir starfsfólkið svo að það geti uppfyllt skilyrði um hreinlæti við framleiðslu sem hæfa framleiðslukerfi fyrirtækisins.

Opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á starfsstöðinni verður að taka þátt í skipulagningu og framkvæmd áætlunarinnar.

4. Stjórnandi stykkjunarstöðvar eða þökkunarmiðstöðvar, eigandi eða fulltrúi hans, skal halda skrá yfir nýtt alifuglakjöt sem kemur inn eða fer út úr starfsstöðinni, og tillgreina tegund móttekens alifuglakjöts.

5. Skoðun og eftirlit með viðurkenndum starfsstöðvum skal fara fram á ábyrgð opinbers dýralæknis sem, samkvæmt 2. mgr. 8. gr., má þó hafa aðstoðarfólk við dagleg störf. Opinberi dýralæknirinn skal ávallt hafa frjálstan aðgang að öllum hlutum starfsstöðvarinnar svo tryggt sé að farið sé að þessari tilskipun.

Opinberi dýralæknirinn skal reglulega láta fara fram greiningu á niðurstöðum eftirlitsins sem kveðið er á um í 2. mgr. Hann getur látið fara fram, á grundvelli þessarar greiningar, frekari örverufræðilegar prófanir á öllum framleiðslustigum eða á afurðunum.

Niðurstöður greiningar skulu skráðar í skýrslu og skal tilkynna stjórnanda starfsstöðvarinnar, eiganda eða fulltrúa hans, um þær og um tilmæli um úrbætur og ber honum að sjá um að lagfæra þá ágalla sem hafa fundist með bætt hreinlæti í huga.

#### 7. gr.

A. Aðildarríkjum er samkvæmt II. viðauka heimilt að undanþiggja sláturhús sem meðhöndla færri en 150 000 fugla á ári frá kröfum í I. viðauka um skipulag og innréttingar, að því tilskildu að þau fullnægi eftirfarandi kröfum:

1. Viðkomandi starfsstöðvar verða að heyra undir sérstaka dýralæknisskráningu og þær verða að fá sérstakt viðurkenningarnúmer sem tengist eftirlitsdeild á staðnum.

Til að hljóta viðurkenningu lögbærs innlends yfirvalds:

a) verður starfsstöðin að uppfylla skilyrði fyrir viðurkenningu sem eru sett í II. viðauka;

b) verður stjórnandi sláturhússins, eigandi eða fulltrúi hans, að halda skrá yfir:

— dýr sem koma inn í starfsstöðina og sláturafurðir sem fara út úr henni,

— eftirlit sem fram fer,

— niðurstöður slíks eftirlits.

Þessum upplýsingum skal komið til lögbæra yfirvaldsins fari það fram á slíkt;

c) verður sláturhúsið að tilkynna dýralæknisþjónustunni um það hvenær slátrun fer fram og um fjölda og uppruna dýranna og senda henni afrit af heilbrigðisvottuninni sem er sýnd í IV. viðauka;

d) verður opinberi dýralæknirinn eða aðstoðarmaður hans að vera viðstaddur brottnám innflyta til að tryggja að farið sé eftir hreinlætisreglum sem kveðið er á um í VII. og VIII. kafla I. viðauka.

Ef opinberi dýralæknirinn eða aðstoðarmaðurinn getur ekki verið viðstaddur slátrun má kjöt-ið ekki fara út úr starfsstöðinni fyrr en skoðun eftir slátrun hefur farið fram samdægurs í samræmi við 2. mgr. 8. gr., nema þegar um er að ræða kjöt sem fjallað er um í 49. lið VIII. kafla I. viðauka;

e) verður opinberi dýralæknirinn að fylgjast með dreifingarkeðju kjöts sem kemur frá starfsstöðinni og viðeigandi merkingu afurða sem hafa verið lýstar óhæfar til manndis auk þess að fylgjast með því hvað verður um það og hvernig það er notað.

Aðildarríkin skulu taka saman skrá yfir starfsstöðvar sem njóta slíkra undanþágukvæða og skulu senda skrána, ásamt síðari breytingum á henni, til framkvæmdastjórnarinnar;

f) verður lögbæra yfirvaldið að tryggja að nýtt kjöt frá starfsstöðvunum sem um getur í e-lið sé merkt með stimplum eða merkimiðum sem eru viðurkenndir í þessu skyni í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., þar sem fram komi stjórnsýsluumdæmi heilbrigðiseftirlitsins sem starfsstöðin heyrir undir.

2. Lögbæra yfirvaldið getur einnig veitt undanþágur samkvæmt II. viðauka vegna stykkjunarstöðva sem eru ekki til húsa í viðurkenndri starfsstöð og eru samþykktar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 64/433/EBE, að því tilskildu að í stykkjunarstöðinni séu ekki meðhöndluð meira en þrjú tonn á viku og að kröfur um hitastig sem kveðið er á um í 49. lið VIII. kafla I. viðauka séu virtar.

Ákvæði VIII. og X. kafla og 64. liðar í XI. kafla I. viðauka gilda ekki um geymslu og stykkjun í starfsstöðvunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Kjöt sem telst fullnægja kröfum um hreinlætis- og heilbrigðisskoðun sem kveðið er á um í þessari tilskipun verður að merkja með stimpli er sýnir stjórnsýsluumdæmi heilbrigðiseftirlitsins sem upprunastarfsstöðin heyrir undir. Fyrirmynd þessa stimpils skal ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

## 4. Kjötið:

- i) má einungis selja á staðbundnum markaði, nýtt eða unnið, til smásala eða neytanda enda hafi því ekki verið fullpakkað eða það áður sett í umbúðir;
- ii) verður að flytja frá starfsstöðinni til viðtakanda við fullnægjandi hreinlætisskilyrði.

B. Sérfræðingar í dýralækningum á vegum framkvæmdastjórnarinnar geta, í tengslum við lögbært innlent yfirvald og að því marki sem það er nauðsynlegt til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar, gert vettvangskannanir á hæfilegum fjölda starfsstöðva sem falla undir ákvæði þessarar greinar.

C. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá kröfum um skipulag sem kveðið er á um í I. kafla vegna afkastalíttilla kæligeymslna þar sem einungis er geymt innpakkað kjöt.

D. Setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

E. Ráðið skal, fyrir 1. janúar 1998, endurskoða ákvæði þessarar greinar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

## 8. gr.

## 1. Aðildarríkin skulu tryggja:

- a) að dýraheilbrigðiseftirlit sé haft með öllum býlum sem afhenda alifugla af tegundunum sem um getur í 1. lið annarrar málsgreinar 2. gr. í sláturhús;
- b) að:
  - i) í sláturhúsum sem eru viðurkennd í samræmi við 6. gr. sé minnst einn opinber dýralæknir viðstaddur skoðun eftir slátrun;
  - ii) í stykkjunarstöðvum sem eru viðurkenndar í samræmi við 6. gr. sé að minnsta kosti einu sinni á dag viðstaddur einn úr skoðunarhópnum sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr., þegar unnið er með kjöt, til að fylgjast með almennu hreinlæti í stöðinni og skrá nýtt kjöt sem kemur inn og fer út;
  - iii) í kæligeymslum sé einn úr skoðunarhópnum sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. að jafnaði viðstaddur.

2. Opinberi dýralæknirinn má leita til aðstoðarmanna sem vinna undir ábyrgð hans og yfirstjórn við eftirfarandi störf:

- a) ef þeir fullnægja skilyrðum a-liðar í 3. lið III. viðauka, við að safna nauðsynlegum upplýsingum til að meta heilbrigðisástand upprunahjarðarinnar, í samræmi við VI. kafla I. viðauka, sem opinberi dýralæknirinn notar síðan við greiningu sína;

## b) ef þeir fullnægja skilyrðum b-liðar í 3. lið III. viðauka:

- i) eftirlit með að hreinlætisskilyrðum sem kveðið er á um í I., V., VII. og X. kafla I. viðauka og í II. viðauka og að skilyrðunum sem kveðið er á um í 47. lið I. viðauka sé fullnægt;
- ii) að ganga úr skugga um að atriðin sem um getur í 53. lið IX. kafla I. viðauka komi ekki fram við skoðun eftir slátrun;
- iii) skoðunina sem kveðið er á um í a- og b-lið annarrar málsgreinar 47. liðar VIII. kafla I. viðauka, og einkum við gæðamat á skrokkum og frekari snyrtingu þeirra, að því tilskildu að opinberi dýralæknirinn sé í raun fær um að hafa eftirlit með störfum aðstoðarmanna á staðnum;
- iv) eftirlit með heilbrigðismerkningunni sem kveðið er á um í 67. lið XII. kafla I. viðauka;
- v) heilbrigðiseftirlit með stykkjuðu kjöti og kjöti sem er í geymslu;
- vi) eftirlit með flutningatækjum eða ílátum og aðstæðum við ferlingu sem kveðið er á um í XV. kafla I. viðauka.

Einungis má ráða fólk sem uppfyllir kröfur III. viðauka sem aðstoðarmenn eftir að þeir hafa tekið próf sem lögbært stjórnvald aðildarríkisins, eða yfirvald sem það tilnefnir, stendur að.

Til að geta veitt aðstoðina sem um getur að framan skulu aðstoðarmennirnir mynda skoðunarhóp sem er undir eftirliti og á ábyrgð opinbera dýralæknisins. Þeir verða að vera óháðir starfsstöðinni. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal ákveða samsetningu skoðunarhópsins fyrir hverja starfsstöð á þann hátt að opinberi dýralæknirinn geti haft eftirlit með framangreindum aðgerðum.

Ákveða skal nákvæmar reglur um aðstoðina sem um getur í þessari grein, að svo miklu leyti sem þörf er á, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

3. Lögbæra yfirvaldið getur heimilað starfsfólki fyrirtækisins sem hefur fengið sérstaka tilsögn hjá opinbera dýralækninum, en um hana skulu gilda almennar viðmiðanir sem verða settar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. fyrir 1. október 1993, að vinna þau störf sem kveðið er á um í a- og b-lið annarrar málsgreinar 47. liðar VIII. kafla I. viðauka undir yfirumsjón opinbera dýralæknisins.

## 9. gr.

Aðildarríkin skulu fela þjónustumiðstöð eða -stofnun að safna saman og nýta niðurstöður skoðana fyrir og eftir slátrun sem opinberi dýralæknirinn lætur fara fram og varða greiningu sjúkdóma sem geta borist í menn.

Greinist slíkur sjúkdómur skal tilkynna niðurstöður er varða ákveðið tilvik eins fljótt og auðið er lögbærum dýraheilbrigðisyrifirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með hópnum sem dýrið var upprunalega úr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um ákveðna sjúkdóma, einkum þegar sjúkdómar sem geta borist í menn hafa verið greindir.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar, einkum um:

- hve oft þarf að leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina,
- eðli upplýsinga,
- sjúkdóma sem upplýsingasöfnunin á að ná til,
- málsmeðferð vegna söfnunar og notkunar upplýsinga.

#### 10. gr.

1. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar um dýraheilbrigði mega, að svo miklu leyti sem þörf krefur til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar, láta fara fram skoðun á staðnum í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Þeir geta gengið úr skugga um þetta með því að kanna á hæfilegum fjölda starfsstöðva hvort lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að þessar viðurkenndu starfsstöðvar uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkin vita um niðurstöður skoðunar.

Aðildarríki þar sem skoðunin fer fram skal veita sérfræðingunum alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra.

Setja skal almenn ákvæði til framkvæmdar þessari grein í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

Að fengnu álitni aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði skal framkvæmdastjórnin leggja fram tilmæli varðandi reglur sem á að fylgja við framkvæmd eftirlitsins sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

3. Fyrir 1. janúar 1995 skal ráðið endurskoða þessa grein á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, ásamt hugsanlegum tillögum.

#### 11. gr.

Þrátt fyrir kröfur a-liðar þáttar A í I. hluta 3. gr. geta aðildarríkin heimilað að fuglar sem á að nota til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) á eldisbýli séu deyfðir, reyttir og þeim látið blæða, að því tilskildu að þessar aðgerðir fari fram í

sérstöku herbergi sem uppfyllir kröfur b-liðar í 14. lið II. kafla I. viðauka og að, samkvæmt XV. kafla I. viðauka, farið sé tafarlaust með skrokka sem ekki er búið að taka innnyflin úr til viðurkenndrar stykkjunarstöðvar sem er með sérstakan sal, eins og skilgreint er í ii-lið annars undirliðar í b-lið 15. liðar III. kafla I. viðauka, þar sem innnyflin skulu fjarlægð innan 24 tíma undir eftirliti opinbera dýralæknisins.

#### 12. gr.

1. Aðildarríkin geta áfram heimilað kælingu nýs alifuglakjöts með því að dýfa því í vatn ef það er gert í samræmi við skilyrðin sem eru sett í 42. og 43. lið VII. kafla I. viðauka. Nýtt kjöt sem er kælt með þessum hætti má setja á markað annaðhvort fryst eða djúpfryst.

2. Aðildarríki sem nota þessa aðferð skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það eins fljótt og kostur er og eigi síðar en 1. janúar 1994.

3. Aðildarríki mega ekki leggja gegn aðflutningi á yfirráðasvæði sín á nýju alifuglakjöti sem hefur verið kælt í samræmi við 42. og 43. lið VII. kafla I. viðauka þegar notkun þessarar kælingaraðferðar er tilgreind í fylgiskjalinu sem um getur í i-lið þáttar A í I. hluta 3. gr., að því tilskildu að:

- a) kjötið hafi verið fryst eins fljótt og hægt er eftir kælingu;
- b) eða að kælt alifuglakjöt sé framleitt með sömu skilyrðum á yfirráðasvæði þeirra.

#### 13. gr.

Reglurnar sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE<sup>(1)</sup> skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, um skipulagningu á eftirliti sem viðtökuaðildarríki skal annast og um verndarráðstafanir sem eiga að koma til framkvæmda, auk þess sem eftirlitinu skal fylgt eftir.

### III. KAFLI

#### Ákvæði um innflutning til bandalagsins

#### 14. gr.

A. Skilyrðin um markaðssetningu á nýju alifuglakjöti innfluttu frá þriðju löndum skulu, samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 21. gr., telj-

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjútíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48).

ast að minnsta kosti jafngild þeim sem eru sett vegna markaðssetningar á nýju alifuglakjöti sem er fengið í samræmi við 3. – 6. gr. og 8. – 13. gr.

B. Með tilliti til samræmdrar beitingar á þætti A gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Einungis má flytja nýtt alifuglakjöt til bandalagsins ef:

a) það er frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa sem eru talin upp í skrá sem er tekin saman í samræmi við 1. og 2. mgr. 9. gr. í tilskipun 91/494/EBE og uppfylla kröfur þessarar tilskipunar;

b) það er frá starfsstöðvum sem lögbært yfirvald í þriðja landinu hefur ábyrgst gagnvart framkvæmdastjórninni að uppfylli kröfur þessarar tilskipunar;

c) því fylgir vottorðið sem um getur í 12. gr. tilskipunar 91/494/EBE ásamt yfirlýsingu um að kjötið uppfylli kröfur II. kafla og önnur hugsanleg skilyrði, eða á því sé tekin sams konar ábyrgð og um getur í b-lið 2. liðar þessarar málsgreinar. Ef með þarf skal inntak yfirlýsingarinnar ákveðið í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

2. Samkvæmt málsmeðferðinni í 21. gr.:

a) skal tekin saman skrá framkvæmdastjórnarinnar yfir starfsstöðvar sem uppfylla skilyrði b-liðar. Uns sú skrá hefur verið tekin saman er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda eftirlitinu sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 90/675/EBE og innlenda heilbrigðisvottorðinu sem krafist er vegna starfsstöðva sem eru háðar innlendri viðurkenningu;

b) skulu sett sérstök skilyrði og jafngildar ábyrgðir er varða kröfur þessarar tilskipunar, önnur en þau sem gilda þegar kjöt er dæmt óneysluhæft í samræmi við d-lið þáttar A í I. hluta 3. gr. og þau sem eru sett í VI. kafla, í 42. og 43. lið VII. kafla og í VIII. kafla I. viðauka. Slík skilyrði og ábyrgðir mega ekki vera lakari en þau sem mælt er fyrir um í 3. – 6. gr. og 8. – 13. gr.

3. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna skulu kanna á vettvangi hvort:

a) ábyrgð sem þriðja land veitir vegna framleiðsluskilyrða og markaðssetningar geti talist jafngild þeim sem gilda í bandalaginu;

b) skilyrðum 1. og 2. mgr. sé fullnægt.

Framkvæmdastjórnin skal tilnefna sérfræðinga frá aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á þessu eftirliti, að fenginni tillögu frá aðildarríkjunum.

Eftirlitið skal fara fram fyrir hönd bandalagsins sem ber allan kostnað samfara því. Hversu oft eftirlitið skal framkvæmt og með hvaða hætti skal ákveðið í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.

4. Uns eftirlitið sem um getur í 3. mgr. hefur verið skipulagt skulu innlend ákvæði um eftirlit í þriðju löndum gilda áfram, enda sé fastanefndinni um dýraheilbrigði tilkynnt um brot á hreinlætisreglum er fram koma við umrætt eftirlit.

15. gr.

Í skránni sem kveðið er á um í 2. lið þáttar B í 14. gr. má aðeins tilgreina þriðju lönd eða hluta þriðju landa:

a) sem innflutningur er ekki bannaður frá samkvæmt 9. – 12. gr. tilskipunar 91/494/EBE;

b) sem, með tilliti til landslaga og skipulags dýralæknisþjónustu og -eftirlits, valdsviðs slíkra stofnana og eftirlits sem haft er með þeim, teljast samkvæmt 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 72/462/EBE <sup>(1)</sup> eða 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/494/EBE færir um að tryggja framkvæmd gildandi löggjafar; eða

c) þar sem dýralæknisþjónustan getur ábyrgst að heilbrigðiskröfum, sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. kafla, sé fullnægt.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að nýtt alifuglakjöt sé eingöngu flutt inn til bandalagsins ef:

— því fylgir vottorð sem kveðið er á um í c-lið 1. liðar þáttar B í 14. gr.,

— það fullnægir eftirlitinu sem krafist er samkvæmt tilskipun 90/675/EBE.

2. Uns nákvæmar reglur um framkvæmd þessa kafla hafa verið settar:

— gilda innlendar reglur um innflutning frá þriðju löndum í þeim tilvikum þar sem ekki hafa verið settar ákvæðnar

<sup>(1)</sup> Stjórið. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/688/EBE (Stjórið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 18).

reglur á vettvangi bandalagsins, að því tilskildu að þær séu ekki hagstæðari en þær sem kveðið er á um í b-lið 2. liðar þáttar B í 14. gr.,

- verður innflutningur að eiga sér stað samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 90/675/EBE.

17. gr.

Meginreglurnar og reglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 90/675/EBE skulu gilda, einkum að því er varðar skipulag eftirlits sem aðildarríkin eiga að annast, og að því sé fylgt eftir, og öryggisráðstafanir sem gera skal.

Uns ákvarðanirnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE koma til framkvæmda verður innflutningur að eiga sér stað samkvæmt 2. mgr. 11. gr. í þeirri tilskipun.

#### IV. KAFLI

#### Lokaákvæði

18. gr.

1. Ákvæði viðaukanna gilda ekki um starfsstöðvar á tilteknum eyjum í Lýðveldinu Grikklandi þar sem slíkar starfsstöðvar framleiða einungis til neyslu á staðnum.

2. Samþykking ber ákvæði um beitingu 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er hægt að ákveða breytingar á ákvæðum þeirrar málsgreinar í því augnamiði að láta staðla bandalagsins smám saman taka til starfsstöðva á eyjunum sem um getur í þeirri málsgrein.

19. gr.

Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, breyta viðaukunum, einkum með það í huga að laga þá að framförum á sviði vísinda og tækni.

20. gr.

Samkvæmt málsmeðferðinni í 21. gr. er hægt að setja:

- sérstök skilyrði fyrir viðurkenningu starfsstöðva á heildsölumörkuðum,
- reglur um merkingu afurða frá pökkunarmiðstöðvum og um eftirlitsaðferðir sem gera kleift að bera kennsl á starfsstöðina sem hræfnið kemur frá.

21. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE <sup>(1)</sup>, hér eftir kölluð nefndin, að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

22. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkanna.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

## I. VIDAUKI

## I. KAFLI

## ALMENN SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU STARFSSTÖÐVA

Starfsstöðvar verða að minnsta kosti að hafa:

1. Í sölum þar sem kjöt er framleitt, unnið er með það eða það geymt og á svæðum eða göngum sem farið er með nýtt kjöt um:
    - a) vatnshelt gólfefni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa, er rotvarið og þannig gert að frárennsli eigi greiða leið: vatninu verður að vera beint að ræsinu sem þarf að hafa rist og vatnslás til að kom í veg fyrir óþef. Hins vegar:
      - þegar um er að ræða húsnæðið sem um getur í e-lið 14. liðar II. kafla, a-lið 15. liðar III. kafla og a-lið 16. liðar IV. kafla, er þess ekki krafist að vatni sé beint að ræsi sem þarf að hafa rist og vatnslás og, þegar um er að ræða athafnasvæði sem um getur í a-lið 16. liðar, er nægilegt að húsnæðið sé þannig innréttað að auðvelt sé að fjarlægja vatnið,
      - þegar um er að ræða húsnæðið sem um getur í a-lið 17. liðar IV. kafla þar sem einungis er geymt innpakkað kjöt eða kjöt í umbúðum og á svæðum og göngum sem farið er um með nýtt kjöt er nægilegt að hafa vatnshelt og rotvarið gólfefni;
    - b) slétta, endingargóða, vatnspétta vegg með ljósri klæðningu, sem má þvo, upp í að minnsta kosti tveggja metra hæð; í kæli- eða frystiklefum og geymslum verða veggirnir að vera klæddir að minnsta kosti upp í geymsluhæð. Samskeyti milli veggjar og gólfs skulu vera ávöl eða gengið frá þeim á sambærilegan hátt nema í húsnæðinu sem um getur í a-lið 17. liðar í IV. viðauka;  
Þó er notkun timburveggja í húsnæðinu sem um getur í 17. lið ekki nægileg ástæða til að afturkalla viðurkenningu, hafi þeir verið reistir fyrir 1. janúar 1994;
    - c) hurðir og gluggakarmar úr slitþolnu, ótæranlegu efni en ef gert úr tré skal vera slétt vatnspétt klæðning á öllu ytra byrði;
    - d) lyktarlausa einangrun sem rotnar ekki;
    - e) næga loftræstingu og góðan búnað til að fjarlægja gufu;
    - f) næga dagsbirtu eða gervilytingu sem breytir ekki litum;
    - g) loft sem er hreint og auðvelt að þrifa; sé þess ekki kostur, þakklæðningu með innra byrði sem uppfyllir þessi skilyrði.
  2. a) Eins nálægt verkstöðvum og unnt er, aðstöðu á nógu mörgum stöðum til að þvo og sótthreinsa hendur og til að þrifa áhöld með heitu vatni. Kranar mega ekki vera hand- eða armstýrðir.  
Handlaugar skulu vera með rennandi heitu og köldu vatni, eða vatni sem búið er að blanda og hitastilla, efni til að þvo og sótthreinsa hendur og hreinlegan búnað til að þurrka með hendur;
  - b) tæki til að sótthreinsa áhöld, með vatni sem er að minnsta kosti 82 °C.
3. Viðeigandi búnað til varnar gegn meindýrum, svo sem skordýrum og nagdýrum.
4. a) Tæki og vinnslubúnað, svo sem vélrænan kjötvinnslubúnað, skurðarborð, borð með skurðarbrettum sem má losa af, flát, færíbönd og sagir úr tæringarþolnum efnum sem hafa ekki áhrif á kjötið og auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Fletir sem komast í snertingu við, eða hætta er á að komist í snertingu við, kjöt, þar á meðal logsóðin eða lóðuð samskeyti, verða að vera sléttir. Bannað er að nota við nema á athafnasvæðum þar sem einungis er verið með vel innpakkað nýtt alifuglakjöt;
- b) tæringarþolnar innréttingar og búnað sem uppfylla hreinlætiskröfur að því er varðar:
  - meðhöndlun á kjöti,
  - geymslu á kjötflátum, þannig að hvorki kjötið né flátin komist í beina snertingu við gólf eða vegg;

- c) búnað til að meðhöndla og verja á hreinlegan hátt kjöt við fermingu og affermingu, að meðtöldum vel innréttuðum og útbúnum afgangi- og móttökusvæðum;
- d) sérstök vatnsþétt, tæringarþolin flát, með lokum og festingum til að koma í veg fyrir að óviðkomandi fjarlægi hluti úr þeim, undir nýtt kjöt sem ekki er ætlað til manneldis, eða læst herbergi fyrir slíkt kjöt ef það er í svo miklu magni að slíkt sé nauðsynlegt eða það er ekki fjarlægt eða því fargað í lok hvers vinnudags; þegar slíkt kjöt er fjarlægt um rennur skulu þær þannig gerðar og upp settar að ekki sé hætt á að nýtt alifuglakjöt mengist;
- e) herbergi þar sem hægt er að geyma efni í umbúðir og pakkningar fari slík starfsemi fram í starfsstöðinni.
5. Kælibúnað til að viðhalda innra hitastigi kjötsins í samræmi við þessa tilskipun. Í þessum kælibúnaði skal vera kerfi til að þurrka vatn sem þéttist án þess að hætta sé á að nýtt alifuglakjöt mengist.
6. Búnað sem sér eingöngu fyrir nægjanlegu drykkjarhæfu vatni undir þrýstingi í skilningi tilskipunar 80/778/EBE<sup>(1)</sup>. Lagnir fyrir ódrykkjarhæft vatn verða að vera auðþekkjanlegar frá lögnum fyrir drykkjarhæft vatn.
7. Búnað sem sér fyrir nægu heitu drykkjarhæfu vatni í skilningi tilskipunar 80/778/EBE.
8. Fráveitukerfi sem uppfylla hreinlætiskröfur fyrir skólþ og annan úrgang.
9. Nægilega vel búíð læst herbergi sem er eingöngu ætlað dýralæknisþjónustunni til afnota, eða nauðsynlegan búnað þegar um er að ræða geymslurnar sem um getur í IV. kafla og pökkunarmiðstöðvar.
10. Aðstöðu sem gerir kleift að láta skoðunina sem kveðið er á um í þessari tilskipun fara fram á skilvirkan hátt á hvaða tíma sem er.
11. Nægilegan fjölda búningsherbergja með sléttum vatnsþéttum veggjum og gólfi sem má þvo, handlaugar, sturtur og vatnsalerni sem þannig er fyrir komið að engin hætt er á að hreinir hlutar byggingarinnar mengist. Salerni mega ekki opnast beint inn í vinnslusali. Ekki er þörf á sturtum í kæligeymslum sem eingöngu eru notaðar til móttöku eða afgangi á nýju kjöti sem er vel innpakkað. Handlaugarnar skulu vera með rennandi heitu og köldu vatni eða vatni sem búíð er að blanda og hitastilla, efni til að þvo og sótthreinsa hendur og hreinlegan búnað til að þurrka með hendur. Handlaugarnar mega ekki vera með hand- eða armstýrðum krönum. Nægilegur fjöldi handlauga skal vera nálægt salernum.
12. Viðeigandi stað og búnað til þess að þrifa og sótthreinsa flutningatæki fyrir kjöt nema þegar um er að ræða kæligeymslur sem eingöngu eru notaðar til móttöku eða afgangi á nýju kjöti sem er vel innpakkað. Í sláturhúsum verður að vera aðskilinn staður og sérstakur búnaður til að hreinsa og sótthreinsa flutningatæki og búir sem eru notaðir fyrir alifugla til slátrunar. Þó er ekki skylt að hafa slíkan stað og búnað ef ákvæði eru um að flutningatæki skuli þrifa og sótthreinsuð í opinberlega viðurkenndum hreinsunarstöðvum.
13. Herbergi eða öruggan stað þar sem hægt er að geyma hreinsiefni, sótthreinsiefni og þess háttar.

## II. KAFLI

### SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU ALIFUGLASLÁTURHÚSA

14. Auk þess að uppfylla almennu skilyrðin verða sláturhús að minnsta kosti að hafa:
- a) sérstakt herbergi eða yfirbyggt afdrep, sem er nógu stórt og auðvelt að þrifa og sótthreinsa, fyrir skoðun á alifuglum fyrir slátrun sem kveðið er á um í annarri undirgrein 28. liðar VI. kafla og þar sem hægt er að hýsa fuglana sem um getur í 1. lið annarrar undirgreinar 2. gr. í þessari tilskipun;

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjórnartíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

- b) slátursal sem er nógu stór til að deyfing og blæðing annars vegar og reyting og hugsanlega skáldun hins vegar geti farið fram hvort á sínum stað. Á öllum útgönguleiðum á milli slátursalarins og herbergisins eða afdrepsins sem um getur í a-lið, öðrum en lúgunni þar sem einungis sláturalifuglar geta farið um, verður að vera sjálflokandi hurð;
- c) húsakynni þar sem hægt er að hreinsa út líffæri og meðhöndla nógu stór til að líffærahreinsunin geti farið fram á stað sem er nógu langt frá öðrum verkstöðvum eða skilið frá þeim með vegg til að koma í veg fyrir að smit berist. Á öllum útgönguleiðum á milli staðarins þar sem líffærahreinsunin fer fram og staðarins þar sem frekari meðhöndlun fer fram, öðrum en lúgunni þar sem einungis sláturalifuglar geta farið um, verður að vera sjálflokandi hurð;
- d) ef með þarf, afgreiðslusal;
- e) einn eða fleiri nógu stóra kæli- eða frystiklefa, með lokunarbúnaði, fyrir alifuglakjöt sem lagt hefur verið hald á;
- f) herbergi eða klefa þar sem hægt er að safna saman fiðri nema farið sé með það sem úrgang;
- g) sérstakar handlaugar og vatnssalerni fyrir starfsfólk sem meðhöndlar lifandi fugla.

### III. KAFLI

#### SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU STYKKJUNARSTÖÐVA

15. Auk þess að uppfylla almennu skilyrðin verða stykkjunarstöðvar að minnsta kosti að hafa:

- a) nógu stóra kæli- eða frystiklefa til geymslu á kjöti;
- b) — sal fyrir stykkjun og úrbeiningu og innpökkun,  
— ef sú vinna fer fram í stykkjunarstöðinni:
  - i) sal þar sem innfyli eru numin brott úr gæsnum og öndum sem eru aldar til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) enda hafi þær verið deyfðar, þeim látið blæða og þær reyttar á eldisbýlinu;
  - ii) sal þar sem innfyli eru numin brott úr alifuglum sem um getur í 49. lið VIII. kafla;
- c) pökkunarsal, þegar slíkar aðgerðir fara fram í stykkjunarstöðinni, nema skilyrðunum sem kveðið er á um í 74. lið XIV. kafla sé fullnægt.

### IV. KAFLI

#### SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU KÆLIGEYMSLNA

16. Auk þess að uppfylla almennu skilyrðin verða geymslur þar sem nýtt kjöt er geymt í samræmi við fyrsta undirlið 69. liðar XIII. kafla að minnsta kosti að hafa:

- a) nógu stóra kæli- eða frystiklefa sem auðvelt er að hreinsa og þar sem hægt er að geyma nýtt kjöt við hitastig sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 69. liðar;
- b) hitarita og fjarhitarita á eða fyrir hvert geymslusvæði.

17. Auk þess að uppfylla almennu skilyrðin verða geymslur þar sem nýtt alifuglakjöt er geymt í samræmi við annan undirlið í 69. lið XIII. kafla að minnsta kosti að hafa:

- a) nógu stóra kæli- eða frystiklefa sem auðvelt er að hreinsa og þar sem hægt er að geyma nýtt kjöt við hitastig sem kveðið er á um í öðrum undirlið 69. liðar;
- b) hitarita og fjarhitarita á eða fyrir hvert geymslusvæði.

## V. KAFLI

**REGLUR UM HREINLÆTI STARFSFÓLKS, ATHAFNASVÆÐA OG BÚNAÐAR Í STARFSSTÖÐVUNUM**

18. Starfsfólk, athafnasvæði og búnaður skal skilyrðislaust vera hreinn.
- a) Starfsfólki, sem meðhöndlar innpakkað eða óinnpakkað nýtt kjöt eða vinnur í sölum og svæðum þar sem slíkt kjöt er meðhöndlað, því innpakkað eða það flutt skal meðal annars gert að bera hrein höfuðföt, fótabúnað og vera í ljósum vinnuklæðnaði sem auðvelt er að þrifa eða öðrum hlífðarklæðnaði. Starfsfólk sem vinnur með eða meðhöndlar nýtt kjöt verður að vera í hreinum vinnuklæðnaði við upphaf hvers vinnudags og verður að skipta um slíkan klæðnað yfir daginn eins og þörf krefur og skal þvo og sótthreinsa hendur sínar nokkrum sinnum yfir daginn og í hvert sinn sem vinna hefst að nýju. Einstaklingar sem hafa verið í tengslum við sjúka fugla eða sýkt kjöt verða strax að því loknu að þvo hendur sínar og handleggji með heitu vatni og sótthreinsa síðan. Reykingar skulu bannaðar í vinnuherbergjum og geymsluklefum og á öðrum þeim svæðum og göngum þar sem farið er með kjöt í gegn;
  - b) dýrum skal haldið frá starfsstöðinni, nema, þegar um sláturhús er að ræða, dýrum til slátrunar. Nagdýrum, skordýrum og öðrum meindýrum skal kerfisbundið eytt;
  - c) búnaði og tækjum sem eru notuð við meðhöndlun á lifandi alifuglum og við vinnslu á nýju alifuglakjöti skal haldið hreinum og í góðu ásigkomulagi. Þau skulu vandlega hreinsuð og sótthreinsuð nokkrum sinnum á hverjum vinnudegi, við lok vinnudags og áður en þau eru tekin aftur í notkun eftir að hafa óhreinkast;
  - d) búr sem alifuglar eru afhentir í skulu vera úr ótæranlegu efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Þau verður að þrifa og sótthreinsa í hvert skipti sem þau eru tæmd.
19. Ekki má nota húsnæði, tæki og vinnslubúnað til annars en vinnslu nýs alifuglakjöts, nýs kjöts eða villibraðar samkvæmt tilskipunum 91/495/EBE og 92/45/EBE, eða unninna kjötvara eða afurða, nema þau séu hreinsuð og sótthreinsuð áður en þau eru tekin í notkun á ný.
- Þessi takmörkun skal ekki gilda um flutningsbúnað sem er notaður á athafnasvæðunum sem um getur í a-lið 17. liðar, ef kjötið er innpakkað.
20. Alifuglakjöt og ílát undir það mega ekki komast í snertingu við gólf.
21. Nota skal drykkjarhæft vatn til allra hluta; þó má í undantekningartilvikum nota ódrykkjarhæft vatn til framleiðslu á gufu, við eldvarnir, kælingu á frystibúnaði og til að fjarlægja úrgangsfíður í sláturhúsinu enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að nota vatnið í öðrum tilgangi og engin hættu sé á að nýtt kjöt mengist. Lagnir fyrir ódrykkjarhæft vatn verða að vera auðþekktanlegar frá lögnum fyrir drykkjarhæft vatn.
22. — Fíður og aukaafurðir frá slátruninni sem eru óhæfar til manneldis skal fjarlægja tafarlaust.
- Bannað er að dreifa sagi eða öðru sambærilegu efni á gólf vinnslu- og geymslusala fyrir ferskt kjöt.
23. Haga skal notkun hreinsiefna, sótthreinsiefna og skyldra efna þannig að þau hafi ekki skaðleg áhrif á búnað, vinnslutæki og nýtt kjöt. Eftir notkun skal vandlega hreinsa slíkan búnað og vinnslutæki með drykkjarhæfu vatni.
24. Einstaklingum sem gætu borið smit í kjöt skal bannað að vinna við eða meðhöndla það.
- Við ráðningu skal krafist af hverjum þeim sem vinnur við eða meðhöndlar nýtt kjöt sönnunar, með læknisvottorði, á að ekkert hindri slíka ráðningu. Lækniseftirlit með slíku starfsfólki skal vera í samræmi við innlenda löggjöf sem er í gildi í viðkomandi aðildarríki.

## VI. KAFLI

## HEILBRIGÐISSKOÐUN FYRIR SLÁTRUN

25. a) Opinber dýralæknir sláturhússins getur einungis heimilað slátrun á alifuglavörusendingu frá bújörð, samanber þó vottorðið sem er sýnt með fyrirmynd nr. 5 í IV. viðauka við tilskipun 90/539/EBE, þar sem:
- i) alifuglum sem á að taka til slátrunar fylgir heilbrigðisvottunin sem kveðið er á um í IV. viðauka; eða
  - ii) hann hefur fengið í hendur, 72 klukkustundum fyrir komu alifuglanna í sláturhúsið, skjal staðfest af lögbæru yfirvaldi þar sem fram komi:
    - viðeigandi uppfærðar upplýsingar um upprunahóp, einkum upplýsingar úr skrám bújarðarinnar sem um getur í a-lið 27. liðar varðandi tegund alifuglakjöts sem á að slátra,
    - staðfesting á að upprunabújörðin sé undir eftirliti opinbers dýralæknis.
- Opinberi dýralæknirinn verður að meta upplýsingarnar áður en hann tekur afstöðu til þess hvaða ráðstafanir á að gera varðandi fugla sem koma frá umræddri bújörð, einkum varðandi tegund skoðunar fyrir slátrun.
- b) Þegar skilyrðunum sem kveðið er á um í a-lið er ekki fullnægt getur opinber dýralæknir sláturhússins annaðhvort frestað slátrun eða — geri velferðarreglur ráð fyrir slíku — heimilað slátrun að loknum prófunum sem kveðið er á um í b-lið 27. liðar, auk þess sem opinber dýralæknir verður að skoða upprunabújörð viðkomandi fugla til að afla þessara upplýsinga. Bóndanum ber að greiða allan kostnað við beiðingu þessarar málsgreinar í samræmi við reglur sem lögbæra yfirvaldið ákveður.
- c) Þegar um er að ræða bændur með ársframleiðslu sem fer ekki yfir 20 000 kjúklinga, 15 000 endur, 10 000 kalkúna, 10 000 gæsir eða samsvarandi magn af hinum fuglategundunum sem um getur í 1. lið annarrar málsgreinar 2. gr. getur skoðun fyrir slátrun sem um getur í b-lið 27. liðar þó farið fram í sláturhúsinu. Ef svo ber undir ber bóndanum að framvísa yfirlýsingu um að ársframleiðsla hans fari ekki yfir umrædd mörk.
- d) Bóndinn verður að geyma skránar sem um getur í a-lið 27. liðar í minnst tvö ár til að geta lagt þær fyrir lögbæra yfirvaldið fari það fram á slíkt.
26. Stjórnanda starfsstöðvarinnar, eiganda eða fulltrúa hans, ber skylda til að auðvelda framkvæmd skoðunar fyrir slátrun, einkum með því að aðstoða opinbera dýralækninn við hvert það verk sem nauðsynlegt getur talist.
- Opinberi dýralæknirinn verður að framkvæma skoðun fyrir slátrun samkvæmt starfsreglum við fullnægjandi lýsingu.
27. Skoðun fyrir slátrun á upprunabýli samkvæmt 25. lið tekur til:
- a) eftir því um hvaða alifuglategund er að ræða, eftirlits með skrám bóndans þar sem að minnsta kosti skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi:
    - komudag fuglanna,
    - uppruna fuglanna,
    - fjölda fugla,
    - eiginlegan ávinning af sérstökum ættstofnum (til dæmis varðandi þyngdaraukningu),
    - dánartíðni,
    - fódurbirgja,
    - tegund aukefna í fóður, notkunartímabil og biðtíma,
    - fóður- og vatnsinntöku,
    - rannsóknir og greiningu sem viðkomandi dýralæknir annast, ásamt niðurstöðum rannsókna sem fara fram á rannsóknarstofu,
    - tegund lyfja sem eru gefin fuglum, ásamt upplýsingum um hvenær inngjöf hófst og henni lauk,
    - dagsetningar og tegund bóluefna ef við á,
    - þyngdaraukningu á eldistímanum,

- niðurstöður fyrri opinberra heilbrigðisskoðana á fuglum úr sama hópi,
  - fjölda fugla sem eru sendir til slátrunar,
  - áætlaðan slátrunardag;
- b) viðbóttarrannsóknna sem þarf að gera til að staðfesta greiningu þegar fuglarnir:
- i) þjást af sjúkdómi sem getur borist í menn eða dýr eða hegða sér þannig, einstök dýr eða hópurinn, að ástæða sé til að óttast að slíkur sjúkdómur geti komið upp;
  - ii) sýna almenn merki um atferlistruflanir eða merki um sjúkdóm sem getur gert kjötið óhæft til manneldis;
- c) reglulegrar sýnatöku úr vatni og fóðri til að kanna hvort farið er að skilyrðum um biðtímabil;
- d) niðurstaðna rannsókna á dýrasjúkdómsvöldum sem geta borist til manna sem skulu gerðar samkvæmt tilskipun 92/117/EBE.
28. Í slátruhúsinu skal opinberi dýralæknirinn sjá til þess að alifuglarnir séu auðkenndir, fylgjast með því að farið sé að kröfum II. kafla tilskipunar 91/628/EBE <sup>(1)</sup> og einkum athuga hvort alifuglarnir hafi skaddast í flutningum.
- Auk þess skal opinberi dýralæknirinn, ef vafi leikur á um auðkenningu á alifuglavörusendingu og þegar alifuglarnir verða að gangast undir skoðun fyrir slátrun í slátruhúsinu í samræmi við c-lið 25. liðar, kanna í hverju búi um sig hvort alifuglarnir hafi sjúkdómseinkennin sem um getur í b-lið 27. liðar.
29. Hafi alifuglunum ekki verið slátrað innan þriggja daga frá því að rannsókn fór fram og frá útgáfu heilbrigðisvottunarinnar sem kveðið er á um í i-lið a-liðar í 25. lið:
- skal gefa út nýja heilbrigðisvottun ef alifuglarnir hafa ekki yfirgefið upprunabújörðina, eða
  - skal opinber dýralæknir slátruhússins eftir að hafa metið ástæður seinkunarinnar heimila slátrun, ef heilbrigðissjónarmið koma ekki í veg fyrir það, ef með þarf að lokinni frekari rannsókn á alifuglunum.
30. Með fyrirvara um kröfur tilskipunar 91/494/EBE skal slátrun til manneldis bönnuð hafi klínísk einkenni eftirfarandi sjúkdóma verið staðfest:
- a) fuglasóttar (ornithosis);
  - b) salmonellu.
- Opinberi dýralæknirinn getur, fari eigandi alifuglanna eða fulltrúi hans fram á það, heimilað slátrun við lok almennrar slátrunar að því tilskildu að gerðar séu varúðarráðstafanir til að halda í lágmarki hættu á útbreiðslu gerla og til að hreinsa og sótthreinsa allan búnað eftir slátrunina, jafnframt því sem slátrarkjötið er meðhöndlað á sama hátt og um væri að ræða kjöt sem telst óhæft til manneldis.
31. Opinberi dýralæknirinn skal:
- a) banna slátrun hafi hann vitneskju um að kjöt af dýrunum verði óhæft til manneldis;
  - b) fresta slátrun ef biðtími vegna efnaleifa hefur ekki verið virtur;
  - c) tryggja, þegar um er að ræða klínískt heilbrigða alifugla sem tilheyra hópi sem skylt er að slátra samkvæmt áætlun um útrýmingu smitsjúkdóma, að alifuglunum sé slátrað í dagslok eða við þannig aðstæður að engin hættu sé á að aðrir alifuglar smitist. Aðildarríkin geta ákveðið samkvæmt innlendum reglum hvernig farið er með þetta kjöt.
32. Opinberi dýralæknirinn verður að tilkynna lögbæra yfirvaldinu tafarlaust um allt bann við slátrun, og rökstyðja það, og koma alifuglum sem slátrubannið nær til á öruggan stað.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.

## VII. KAFLI

**REGLUR UM HREINLÆTI VIÐ SLÁTRUN, STYKKJUN OG MEÐHÖNDLUN NÝS KJÖTS**

33. Eingöngu má fara með lifandi alifugla í slátursali. Strax og komið er með fuglana í salina skulu þeir deyfðir og þeim síðan umsvifalaust slátrað, nema þegar um er að ræða slátrun í tengslum við trúarsíði.
34. Dýrunum skal látið blæða alveg út og þess skal gætt að blóðið geti ekki borið smit út fyrir sláturstaðinn.
35. Reyta verður fuglinn strax að fullu.
36. Ef fjarlægja á líffæri að fullu skal það gert umsvifalaust en innan þess frests em mælt er fyrir um í 49. lið VIII. kafla séu þau fjarlægð að hluta eða fjarlægingu frestað. Sláturfuglar skulu opnaðir þannig að hægt sé að skoða öll hol og viðkomandi líffæri. Í þessu skyni má skilja frá líffærin sem á að skoða eða skilja þau eftir óhreyfð á sínum stað í skrokki dýrsins. Ef þau eru skilin frá verður að vera hægt að bera kennsl á þau svo að unnt sé að rekja þau til ákveðins skrokks.
- Hvað varðar endur og gæsir sem eru aldar og þeim slátrað til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) er þó hægt að fjarlægja líffærin innan 24 tíma, að því tilskildu að skrokkar með líffærunum óhreyfðum séu kældir niður í hitastigið sem kveðið er á um í fyrsta undirlið 69. liðar XIII. kafla og haldið við það hitastig, og þeir séu fluttir samkvæmt reglum sem gilda um hreinlæti.
37. Að skoðun lokinni verður að aðskilja innnyflin, sem hafa verið losuð, þegar í stað frá skrokknum og fjarlægja umsvifalaust þá hluta sem teljast óhæfir til manneldis.
- Innyfli eða innnyflahluta sem eru áfram í skrokknum verður, að nýrum undanskildum, að fjarlægja alveg, við fullnægjandi hreinlætisskilyrði ef því verður við komið.
38. Ekki er leyfilegt að hreinsa alifuglakjöt með klút eða fylla skrokkinn af neinu öðru en ætum sláturúrangi af alifuglum sem hefur verið slátrað í sláturhúsinu.
39. Hvorki er leyfilegt að stykkja skrokka né fjarlægja eða meðhöndla alifuglakjötið fyrr en skoðun er að fullu lokið. Opinberi dýralæknirinn getur krafist hvaða meðhöndlunar sem er ef þess gerist þörf skoðunarinnar vegna.
40. Kjöt sem lagt hefur verið hald á og kjöt lýst óhæft til manneldis samkvæmt 53. lið IX. kafla, eða kjöt sem ekki er leyfilegt að nota til manneldis samkvæmt 54. lið IX. kafla, ásamt fiðri og úrgangi skal fært eins fljótt og kostur er í það húsnæði, staði eða flát sem kveðið er á um í d-lið 4. liðar í I. kafla og e- og f-lið 14. liðar í II. kafla og það verður að meðhöndla þannig að mengun sé í lágmarki.
41. Að lokinni skoðun og brotnámi innnyfla skal nýtt alifuglakjöt hreinsað umsvifalaust og kælt í samræmi við hreinlætiskröfur til að tryggja að hitastigið sem kveðið er á um í XIII. kafla náist eins fljótt og kostur er.
42. Alifuglakjöt sem á að kæla í vatnsbaði í samræmi við aðferðina sem er lýst í 43. lið verður strax að brotnámi innnyfla loknu að skola með því að úða vel yfir það og dýfa því síðan tafarlaust í vatnsbað. Úðunin verður að fara fram með búnaði sem skolar bæði innra og ytra byrði skrokksins rækilega.
- Á skrokka sem vega:
- ekki meira en 2,5 kg, verður að nota minnst 1,5 lítra af vatni á skrokk,
  - milli 2,5 og 5 kg, verður að nota minnst 2,5 lítra af vatni á skrokk,
  - 5 kg eða meira, verður að nota minnst 3,5 lítra af vatni á skrokk.
43. Aðferðin kæling í vatnsbaði verður að uppfylla eftirfarandi kröfur:
- a) skrokkarnir verða að fara í gegnum eitt eða fleiri ker með vatni eða ísvatni sem er stöðugt endurnýjað. Í þessu sambandi er einungis heimilt að nota kerfi þar sem skrokkarnir berast sjálfkrafa á móti vatnsstraumnum;

- b) hitastig vatnsins í kerinu eða kerjunum, mælt á þeim stað þar sem skrokkarnir eru settir inn og teknir út, má ekki vera hærri en + 16 °C á öðrum staðnum og + 4 °C á hinum;
- c) hún skal framkvæmd þannig að hitastigið sem er tilgreint í fyrsta undirlið 69. liðar XIII. kafla náist eins fljótt og kostur er;
- d) lágmarksvatnsflæði meðan á allri kælingunni sem um getur á a-lið stendur verður að vera:
- 2,5 lítrar á skrokk sem vegur 2,5 kg eða minna,
  - 4 lítrar á skrokk sem vegur milli 2,5 kg og 5 kg,
  - 6 lítrar á skrokk sem vegur 5 kg eða meira.

Ef mörg ker eru notuð skal innstreymi fersks vatns í hvert ker og útstreymi notaðs vatns stjórnað þannig að smám saman dragi úr því eftir því sem skrokkarnir flytjast til, og í sömu átt, og skal ferska vatninu skipt þannig á milli kerjanna að vatnsstreymið í gegnum síðasta kerinu sé eigi minna en:

- 1 lítri á skrokk sem vegur 2,5 kg eða minna,
- 1,5 lítri á skrokk sem vegur milli 2,5 kg og 5 kg,
- 2 lítrar á skrokk sem vegur 5 kg eða meira.

Vatnið sem er notað til að fylla kerin í upphafi má ekki vera talið með í þessum útreikningum;

- e) skrokkurinn má ekki vera í fyrsta hluta útbúnaðarins eða fyrsta kerinu lengur en í hálf tíma og í öðrum hlutum útbúnaðarins eða hinum kerjunum lengur en bráðnaðsynlegt er.
- Gera verður allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja, verði truflun í vinnsluferlinu, að tímamörkin sem eru sett í fyrstu undirgrein séu virt.
- Stöðvist búnaðurinn verður opinberi dýralæknirinn að gagna úr skugga um, áður en búnaðurinn er settur í gang aftur, að skrokkarnir haldi áfram að uppfylla kröfur tilskipunarinnar og séu hæfir til manneldis eða, ef svo er ekki, tryggja að farið sé með þá eins fljótt og hægt er í húsnæðið sem kveðið er á um í d-lið 4. liðar I. kafla;
- f) tæma verður hvern hluta búnaðarins um sig algjörlega, hreinsa hann og sótthreinsa hvenær sem þörf er á við lok hverrar vinnulotu og að lágmarki einu sinni á dag;
- g) tækjunum skal fylgja kvarðaður eftirlitsbúnaður þannig að hægt sé að hafa samfelld og fullnægjandi eftirlit með mælingu og skráningu á:
- vatnsnotkun við úðun fyrir vatnsbaðið,
  - hitastigi vatnsins í kerinu eða kerjunum á þeim stöðum þar sem skrokkarnir eru settir inn og teknir út,
  - vatnsnotkun við vatnsbaðið,
  - fjölda skrokka í þyngdarflokkunum sem eru tilgreindir í d-lið 42. liðar að framan;
- h) niðurstöðum hinna ýmsu eftirlitsprófa sem framleiðandinn lætur gera skal haldið til haga og þær lagðar fram fari opinberi dýralæknirinn fram á slíkt;
- i) meta skal starfsemi kælistöðvarinnar og áhrif hennar á hreinlætisstigið — uns örverufræðilegar aðferðir bandalagsins hafa verið samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. þessarar tilskipunar — með vísindalegum örverufræðilegum aðferðum, sem eru viðurkenndar af aðildarríkjunum, og skal bera saman smit í skrokkunum hvað varðar iðragerla (*enterobacteriaceae bacteria*) fyrir og eftir vatnsbaðið. Slíkur samanburður verður að fara fram þegar stöðin er fyrst tekin í notkun og reglulega eftir það og að minnsta kosti í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á stöðinni. Rekstur hinna ýmsu tækja verður að vera undir stjórn til að tryggja að fullnægjandi árangur náist að því er lýtur að hreinlæti.

44. Þar til skoðun er að fullu lokið má ekki vera hætt á að skrokkar eða sláturúrgangur komist í snertingu við skrokka eða sláturúrgang sem hefur þegar verið skoðaður og bannað er að fjarlægja, stykkja eða meðhöndla skrokka frekar.

45. Ekki má vera hætt á að kjöt sem lagt hefur verið hald á eða kjöt sem telst óhæft til manneldis eða óætar aukaafurðir komist í snertingu við kjöt sem telst hæft til manneldis og setja verður framangreint eins fljótt og kostur er á afvikinn stað eða í flát sem eru staðsett eða komið þannig fyrir að ekki sé hætt á að annað nýtt kjöt mengist.

46. Snyrting, meðhöndlun, frekari meðferð og flutningur á kjöti, að meðtöldum sláturúrgangi, skal fara fram í samræmi við allar hreinlætiskröfur. Þegar kjötinu er pakkað verður að uppfylla skilyrði í d-lið 14. liðar II. kafla og skilyrðum XIV. kafla. Innpakkað kjöt skal geymt í öðru herbergi en nýtt óinnpakkað kjöt.

### VIII. KAFLI

#### HEILBRIGÐISSKOÐUN EFTIR SLÁTRUN

47. Alifuglarnir skulu skoðaðir strax eftir slátrun við hæfilega birtu.

Sem liður í þessari skoðun:

- a) skulu eftirfarandi hlutar:

- i) yfirborðið á skrokki fuglsins, að haus og löppum undanskildum nema þegar nota á haus og lappir til manneldis;
- ii) innnyflin; og
- iii) holrúm í skrokknum,

skoðaðir með sjónrænni skoðun og, ef með þarf, með þreifingu og ristun;

- b) skal gefinn gæmur að því:

- i) hvort skrokkurinn sýni frávik í þéttleika, lit og lykt;
- ii) hvort fram komi alvarleg afbrigði sem rekja má til slátrunarinnar;
- iii) hvort sláturbúnaðurinn starfi eðlilega.

Opinberi dýralæknirinn skal ávallt:

- a) láta nákvæma rannsókn fara fram á handahófsúrtaki alifugla sem hefur verið hafnað í heilbrigðisskoðun eftir slátrun og kjötið af þeim verið lýst óhæft til manneldis í samræmi við 53. lið IX. kafla;
- b) rannsaka handahófsúrtak 300 fugla sem eru teknir úr allri vörusendingunni og hafa gengist undir skoðun eftir slátrun með það í huga að skoða innnyfli og holrúm í skrokknum;
- c) framkvæma sérstaka skoðun eftir slátrun á alifuglakjöti ef aðrar vísbendingar eru um að kjöt af þessum alifugli gæti verið óhæft til manneldis.

Eigandinn eða sá sem hefur ráðstöfunarrétt á alifuglunum verður að taka þátt í skoðun eftir slátrun að því marki sem nauðsynlegt er. Hann verður að leggja alifuglinn eða alifuglakjötið fram til skoðunar. Hann verður að veita fullnægjandi viðbótaraðstoð að beiðni skoðunarmanns. Ef sá sem hefur ráðstöfunarréttinn á alifuglakjötinu er ekki eins samvinnuþýður og honum ber er skoðun frestað þar til hann sýnir nægan samstarfsvilja til að skoðun geti farið fram.

48. Þegar um er að ræða alifugla þar sem innnyflin hafa verið numin brott að hluta („effilée“), og þarmar voru strax fjarlægðir, skal skoða innnyflin og holrúm skrokksins í að minnsta kosti 5% af slátruðu alifuglunum úr hverri vörusendingu eftir brotttám innnyfla. Ef skoðunin sýnir frábrigði í allmörgum fuglanna skulu allir fuglarnir í vörusendingunni skoðaðir í samræmi við 47. lið.

49. Þegar um er að ræða alifugla sem hafa fengið „New York- meðferð“:

- a) skal heilbrigðisskoðun eftir slátrun samkvæmt 47. lið fara fram í síðasta lagi 15 dögum eftir slátrun og skulu fuglarnir geymdir þann tíma við hitastig sem ekki er hærra en + 4 °C;
- b) skulu innnyfli fjarlægð í síðasta lagi að þeim fresti liðnum í slátruhúsi og skal slátrunin hafa farið fram þar eða í annarri viðurkenndri stykkjunarstöð sem uppfyllir viðbótarkröfurnar í ii-lið annars undirliðar í b-lið 15. liðar III. kafla og í því tilviki skal heilbrigðisvottunin sem er sýnd í V. viðauka fylgja;
- c) ekki má setja heilbrigðismerkið sem um getur í XII. kafla á alifuglakjötið fyrr en innnyflin hafa verið numin brott samkvæmt b-lið.

50. Sýni skulu tekin í því skyni að rannsaka hvort efnaleifar eru til staðar og ætíð skal taka sýni ef ástæða er til að ætla að svo sé. Einkum skal rannsakað hvort finnist efnaleifarnar sem um getur í III. hluta þáttar A og a-

og c-lið I. hluta og a-lið II. hluta þáttar B í I. viðauka við tilskipun 86/469/EBE <sup>(1)</sup>.

Sú kvöð að rannsaka hvort finnist leifar efna sem hafa lyfjafræðilega verkan, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar, gildir ekki um alifugla frá bújörðum sem eru undir opinberu dýraheilbrigðiseftirliti, ef efnaleifarannsóknin fer fram á upprunabújörðinni.

51. Ef skoðun fyrir eða eftir slátrun vekur grunsemdir um sjúkdóm getur opinberi dýralæknirinn óskað eftir að frekari prófanir verði gerðar á rannsóknarstofu, telji hann það nauðsynlegt til að byggja á greiningu eða til að finna efni með lyfjafræðilega verkan sem geta verið til staðar í umræddu sjúkdómsástandi.

Í vafatilvikum getur opinberi dýralæknirinn látið frekari ristur og rannsóknir fara fram á viðkomandi hlutum dýranna sem eru nauðsynlegar til að byggja á endanlega greiningu.

Telji opinberi dýralæknirinn að brotið sé alvarlega gegn hreinlætisreglum sem eru settar í þessari tilskipun eða gert sé erfitt um vik með heilbrigðisskoðun hefur hann heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana varðandi notkun búnaðar eða athafnasvæða og gera ráðstafanir sem geta dregið úr framleiðsluhraða eða rofið framleiðsluferlið.

52. Niðurstöður heilbrigðisskoðunar fyrir og eftir slátrun skulu skráðar af opinbera dýralækninum og, þegar sjúkdómar sem geta breiðst út greinast, tilkynnt um þær til lögbærs dýraheilbrigðisyfirvalds, sem ber ábyrgð á eftirliti með bújörðinni sem dýrin komu upphaflega frá, og til eiganda upprunabújarðarinnar eða fulltrúa hans sem ber skylda til að taka mið af og halda slíkum upplýsingum til haga og leggja þær fyrir opinbera dýralækninn sem annast skoðun fyrir slátrun á næsta framleiðslutímabili.

## IX. KAFLI

### MAT OPINBERA DÝRALÆKNISINS VIÐ SKOÐUN EFTIR SLÁTRUN

53. a) Alifuglakjöt telst með öllu óhæft til manneldis þegar skoðun eftir slátrun sýnir merki um eftirfarandi:

- útbreiddan smitsjúkdóm og langvarandi staðbundna sýkla sem geta borist til manna í líffærum,
- kerfisbundna sveppasýkingu og staðbundnar vefjarskemmdir í líffærum sem grunur leikur á um að hafi orsakast af sjúkdómsvöldum sem geta borist til manna eða eitrefnum þeirra,
- verulega útbreiðslu sníkla undir húð og í vöðvum eða kerfisbundið sníkjulíf,
- eitrun,
- kröm,
- óeðlilega lykt, lit eða bragð,
- illkynja eða útbreidd æxli,
- almenn óhreinindi eða smit,
- verulega áverka og flekkblæðingu,
- verulega vélræna áverka sem meðala annars má rekja til skáldunar,
- takmarkaða blæðingu,
- leifar efna umfram leyfilega staðla eða leifar óheimilaðra efna,
- skínuholsvökva.

- b) Hlutar aflífaðs dýrs þar sem fram koma staðbundnir áverkar eða smit sem hefur ekki áhrif á heilbrigði kjötsins að öðru leyti skulu taldir óhæfir til manneldis.

54. Eftirfarandi telst óhæft til manneldis: haus, þegar hann hefur verið aðskilinn frá skrokknum, að tungu, kambi, hálssepa og kjötsepum undanskildum, ásamt barka, lungum, sem hafa verið skilin frá skrokknum í samræmi við 37. lið VII. kafla, vélinda, sarpi, þörmum og gallblöðru.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun 89/187/EBE (Stjútíð. EB nr. L 66, 10. 3. 1989, bls. 37).

## X. KAFLI

## ÁKVÆÐI UM KJÖT SEM Á AÐ STYKKJA

55. Stykkjun og úrbeining skrokka skal einungis fara fram í viðurkenndum stykkjunarsölum.
56. Stjórnandi stöðvarinnar, eigandi eða fulltrúi hans skal auðvelda framkvæmd eftirlits með stöðinni, einkum með því að setja þær starfsreglur sem til þarf og hafa nauðsynlegan búnað aðgengilegan eftirlitsþjónustunni. Einkum verður hann, að beiðni opinbers dýralæknis er annast eftirlitið, að vera fær um að tilgreina hvaðan kjöt sem komið er með í starfsstöð hans er og gera grein fyrir uppruna dýra sem slátrað er.
57. Með fyrirvara um aðra málsgrein 19. liðar V. kafla, má einungis setja kjöt sem uppfyllir ekki kröfur 1. liðar í þætti B í I. hluta 3. gr. þessarar tilskipunar í viðurkenndar stykkjunarstöðvar með því skilyrði að það sé geymt þar á sérstökum geymslsvæðum; það skal stykkjað annars staðar eða á öðrum tíma en kjöt sem uppfyllir þessar kröfur. Opinberi dýralæknirinn verður ávallt að hafa frjálstan aðgang að öllum geymslum og vinnslusölum til að ganga úr skugga um að í einu og öllu sé farið að framangreindum ákvæðum.
58. Þegar komið er með nýtt kjöt til stykkjunar skal það fært samstundis í stykkjunarsalinn og geymt þar í klefa eins og kveðið er á um í a-lið 15. liðar III. kafla þangað til það verður stykkjað.
- Þó má, þrátt fyrir 41. lið VII. kafla, taka kjötið beint úr slátursalnum í stykkjunarsalinn.
- Í slíkum tilvikum verða slátursalurinn og stykkjunarsalurinn að vera í nálægð hvor við annan og tilheyra sama byggingakjarna þar sem fara verður með kjöt sem á að stykkja viðstöðulaust frá einu herbergi til annars með framlengingu af sjálfvirku flutningakerfi slátursalarins og stykkjun verður að fara strax fram. Þegar stykkjun og fyrirhugaðri pökkun er lokið verður að fara með kjötið í kæliklefan sem kveðið er á um í a-lið 15. liðar III. kafla.
59. Fara verður með kjöt í salina sem um getur í b-lið 15. liðar III. kafla eftir þörfum. Jafnskjött og stykkjuninni og eftir atvikum pökkuninni sem mælt er fyrir um er lokið verður að fara með kjötið í kæliklefan sem kveðið er á um í a-lið 15. liðar.
60. Stykkjun má einungis fara fram, nema þegar um heitt kjöt er að ræða, þegar kjötið hefur innra hitastig + 4 °C eða lægra.
61. Ekki er leyfilegt að hreinsa nýtt kjöt með klút.
62. Kjötið skal stykkjað þannig að engin hætta sé á að það óhreinkist. Fjarlægja skal allar beinflísar og blóðtrefjar. Kjöt sem fellur til við stykkjun og er ekki ætlað til manneldis skal sett jafnóðum og það er stykkjað í flátin eða herbergin sem um getur í d-lið 4. liðar I. kafla.

## XI. KAFLI

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT MEÐ KJÖTI TIL STYKKJUNAR OG GEYMSLU

63. Viðurkenndar stykkjunarstöðvar, viðurkenndar pökkunarmiðstöðvar og viðurkenndar kæligeymslur skulu vera undir eftirliti einhvers úr skoðunarhópnum sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar.
64. Í eftirlitinu sem kveðið er á um í 63. lið skal felast:
- eftirlit með nýju kjöti sem kemur inn og fer út,
  - heilbrigðisskoðun á nýju kjöti sem er í starfsstöðinni,
  - eftirlit með hreinlæti á athafnasvæðum, í búnaði og verkfærum sem kveðið er á um í V. kafla og hreinlæti starfsmanna, þar á meðal klæðnaði,
  - annað eftirlit sem opinberi dýralæknirinn telur að miði að því að fullnægja ákvæðum þessarar tilskipunar.

## XII. KAFLI

## HEILBRIGÐISMERKING

65. Heilbrigðismerkning skal fara fram undir eftirliti opinbera dýralæknisins. Hann skal hafa í því skyni hafa eftirlit með:
- heilbrigðismerkingu kjötsins;
  - merkimiðum og umbúðum þegar merking fer fram samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
66. Á heilbrigðismerkningu skal vera:
- fyrir kjöt sem er pakkað í stakar einingar eða fyrir litlar pakkningar,
    - í efri hluta, auðkennisstafir útflutningslandsins með hástöfum, með öðrum orðum eitt af eftirfarandi: B, DK, D, EL, E, F, IRL, I, L, NL, P, UK,
    - í miðjunni, löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar eða, eftir atvikum, stykkjunarstöðvarinnar eða pökkunarmiðstöðvarinnar,
    - í neðri hluta, ein af eftirfarandi stafarunum: CEE, EØF, EWG, EOK, EEC eða EEG.Bæði tölu- og bókstafir verða að vera 0,2 cm að hæð;
  - fyrir stórar pakkningar sporöskjulaga merki minnst 6,5 cm að breidd og 4,5 cm að hæð með upplýsingunum sem eru tilgreindar í a-lið.  
Bókstafirnir verða að vera minnst 0,8 cm að hæð og tölustafirnir 1 cm að hæð. Á heilbrigðismerkningu mega einnig vera upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á opinbera dýralækninn sem annaðist heilbrigðisskoðun á kjötinu.  
Efnið sem er notað í merkin verður að uppfylla allar hreinlætiskröfur og upplýsingarnar sem um getur í a-lið skulu skrifaðar skýrum stöfum.
67. a) Heilbrigðismerkið sem um getur í a-lið 66. liðar skal sett:
- á eða vera sýnilegt undir umbúðum eða öðrum pakkningum skrokka sem pakkað er hverjum í sínu lagi,
  - á skrokka sem ekki er pakkað hverjum í sínu lagi, með því að setja á þá innsigli eða plötu sem einungis er hægt að nota einu sinni,
  - á eða vera sýnilegt undir umbúðum eða öðrum pakkningum á skrokkahlutum eða sláturúrgangi sem er pakkað í litlar pakkningar;
- heilbrigðismerkið sem um getur í b-lið 66. liðar skal sett á stórar pakkningar sem í eru skrokkar, skrokkahlutar eða sláturúrgangur merktur samkvæmt a-lið;
  - þegar heilbrigðismerkið er á umbúðunum eða pakkningunum:
    - verður það að vera þannig að það eyðileggist þegar umbúðirnar eða pakkningin er opnuð, eða
    - umbúðirnar eða pakkningin verður að vera innsigluð þannig að ekki sé hægt að nota hana aftur eftir að hún hefur einu sinni verið opnuð.
68. Heilbrigðismerkning á skrokkum, skrokkahlutum eða sláturúrgangi sem kveðið er á um í a-lið 67. liðar er ekki nauðsynleg ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- Vörusendingar af skrokkum, að þeim meðtöldum sem hlutar hafa verið teknir af í samræmi við b-lið 53. liðar IX. kafla, skulu afgreiddar frá viðurkenndum sláturhúsum til viðurkenndra stykkjunarstöðva til stykkjunar, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
    - stórar pakkningar með nýju alifuglakjöti skulu hafa á ytra byrði heilbrigðismerki í samræmi við þriðja undirlið a-liðar 67. liðar og c-lið 67. liðar;
    - afgreiðsluskrifstofan skal halda skrá yfir magn, tegund og viðtökustað vörusendinga sem eru afgreiddar samkvæmt þessari tilskipun;
    - viðtökustykkjunarstöðin skal halda skrá yfir magn, tegund og uppruna vörusendinga sem tekið er á mótí samkvæmt þessari tilskipun;
    - heilbrigðismerki á stórum pakkningum skal eyðilagt þegar stóra pakkningin er opnuð í stykkjunarstöð undir eftirliti opinbera dýralæknisins;
    - viðtökustaður og áætluð not vörusendingarinnar skulu skýrt tekin fram á ytra byrði stóru pakkninganna í samræmi við þennan lið og VII. viðauka.

2. Vörusendingar af skrokkum, að þeim meðtöldum sem hlutar hafa verið teknir af í samræmi við b-lið 53. liðar IX. kafla, skrokkahlutum og eftirfarandi sláturúrgangi: hjarta, lifur og fóarn, skulu afgreiddar frá viðurkenndu sláturhúsi, viðurkenndri stykkjunarstöð eða pökkunarmiðstöð til kjöt- eða kjötafurðavinnslustöðvar til vinnslu, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- a) stórar pakkningar með nýju alifuglakjöti skulu hafa á ytra byrði heilbrigðismerki í samræmi við þriðja undirlið a-liðar 67. liðar og c-lið 67. liðar;
  - b) afgreiðsluskrifstofan skal halda skrá yfir magn, tegund og viðtökustað vörusendinga sem eru afgreiddar samkvæmt þessari tilskipun;
  - c) viðtökukjöt- og kjötvinnslustöðin skal halda skrá yfir magn, tegund og uppruna vörusendinga sem tekið er á móti samkvæmt þessari tilskipun;
  - d) þegar nota á nýtt alifuglakjöt í kjötafurðir til innanbandalagsviðskipta skal heilbrigðismerki á stórum pakkningum eyðilagt þegar stóra pakkningin er opnuð í stykkjunarstöð undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins;
  - e) viðtökustaður og áætluð not vörusendingarinnar skulu skýrt tekin fram á ytra byrði stóru pakkninganna í samræmi við þennan lið og VII. viðauka.
3. Vörusendingar af skrokkum, að þeim meðtöldum sem hlutar hafa verið teknir af í samræmi við b-lið 53. liðar IX. kafla, skulu afgreiddar frá viðurkenndu sláturhúsi, viðurkenndri pökkunarmiðstöð eða stykkjunarstöð til veitingastaða, mótuneyta og stofnana til beinnar afgreiðslu til neytenda að hitameðferð lokinni, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- a) stórar pakkningar með nýju alifuglakjöti skulu hafa á ytra byrði heilbrigðismerki í samræmi við þriðja undirlið a-liðar 67. liðar og c-lið 67. liðar;
  - b) afgreiðsluskrifstofan skal halda skrá yfir magn, tegund og viðtökustað vörusendinga sem eru afgreiddar samkvæmt þessari tilskipun;
  - c) viðtakandinn skal halda skrá yfir magn, tegund og uppruna vörusendinga sem tekið er á móti samkvæmt þessari tilskipun;
  - d) viðtakendur skulu vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds sem skal hafa aðgang að skráðum gögnum;
  - e) viðtökustaður og áætluð not vörusendingarinnar skulu skýrt tekin fram á ytra byrði stóru pakkninganna í samræmi við þennan lið og VII. viðauka.

### XIII. KAFLI

#### GEYMSLA

69. — Eftir kælinguna sem kveðið er á um í 41. lið VII. kafla verður að geyma nýtt alifuglakjöt við hitastig sem má aldrei fara yfir + 4 °C.
- Fryst alifuglakjöt verður að geyma við hitastig sem má ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir – 12 °C.
- Innpakkað nýtt alifuglakjöt má ekki geyma í sama herbergi og óinnpakkað nýtt kjöt.

### XIV. KAFLI

#### UMBÚNINGUR OG PÖKKUN NÝS KJÖTS

70. a) Pakkningar (svo sem pappakassar og pappaoðskjur) skulu uppfylla allar hreinlætisreglur, einkum:
- mega þær ekki vera þannig að skynrænir eiginleikar kjötsins breytist,
  - mega þær ekki vera þannig að í kjötið berist efni sem eru skaðleg heilsu manna,
  - skulu þær vera nægilega sterkar til þess að verja kjötið á fullnægjandi hátt við flutninga og meðhöndlun;
- b) óheimilt er að endurnýta kjötumbúðir, nema þær séu gerðar úr tæringarþolnum efnum sem auðvelt er að hreinsa og hafa áður verið hreinsuð og sóthreinsuð.

71. Sé nýtt stykkjað kjöt eða sláturúrgangur settur í umbúðir verður sú aðgerð að fara fram strax eftir stykkjun og í samræmi við hreinlætiskröfur.
- Umbúðir verða að vera gagnsæjar og litlausar eða, ef litaðar gagnsæjar umbúðir eru notaðar, vera þannig gerðar að innpakkaða kjötið eða sláturúrgangurinn sé að hluta sýnilegur. Þær verða auk þess að uppfylla skilyrði fyrsta og annars undirliðar a-liðar 70. liðar; þær má ekki nota aftur sem kjötumbúðir.
- Hlutar af alifugli eða sláturúrgangi sem hafa verið aðskildir frá skrokknum verða ætíð að vera innpakkaðir í þéttlokaðar hlífðarumbúðir sem uppfylla framangreind skilyrði.
72. Innpakkað kjöt verður að vera í umbúðum.
73. Ef umbúðir veita sömu vörn og þakning þurfa þær þó ekki að vera gagnsæjar og litlausar og ekki þarf að setja þær í annað ílát að því tilskildu að öðrum skilyrðum 70. liðar sé fullnægt.
74. Stykkjun, úrbeining, umbúningur og þökkunaraðgerðir mega fara fram í sama sal ef umbúðirnar uppfylla skilyrði fyrir endurnotkun sem eru sett í b-lið 70. liðar eða hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:
- a) salurinn verður að vera nógu stórt og þannig innréttað að tryggt sé að hreinlætiskröfum sé fullnægt;
  - b) setja verður þakningar og umbúðir í lokaðar hlífðarþakningar strax að framleiðslu lokinni; þessar hlífðarþakningar verða að vera varðar fyrir skemmdum á meðan á flutningum til starfsstöðvarinnar stendur og geymdar á hreinlegum afviknum stað í starfsstöðinni;
  - c) geymslur fyrir þakningar verða að vera lausar við ryk og meindýr og ekki má vera neitt loftsamband við herbergi með efnunum sem geta mengað nýtt kjöt. Ekki má geyma þakningar á gólfinu;
  - d) þakningum skal staflað snyrtilega áður en farið er með þær í salinn;
  - e) þakningum skal komið tafarlaust fyrir í salnum með hreinlegum hætti. Starfsfólk sem meðhöndlar nýtt kjöt má ekki meðhöndla þær;
  - f) strax að þakningu lokinni skal farið með kjötið í geymslu sem er til þess ætluð.
75. Þakningarnar sem um getur í þessum kafla mega einungis innihalda stykkjað nýtt alifuglakjöt.

## XV. KAFLI

### FLUTNINGAR

76. Nýtt kjöt verður að flytja í flutningatækjum með loftþéttum lokunarbúnaði eða, þegar um er að ræða nýtt kjöt sem er flutt inn í samræmi við tilskipun 90/675/EBE eða nýtt kjöt í umflutningi um yfirráðasvæði þriðja lands, í innsigluðum flutningatækjum sem eru þannig hönnuð og útbúin að hitastigið sem er tilgreint í XIII. kafla haldist allan tímann meðan á flutningunum stendur.
77. Flutningatæki sem eru notuð við flutninga á slíku kjöti verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:
- a) innra byrði þeirra verður að vera slétt og auðvelt að þrifa það og sótthreinsa;
  - b) þau verða að hafa skilvirkan útbúnað til að verja kjötið gegn skordýrum og ryki og vera vatnsþétt.
78. Hvað sem öðru líður má ekki nota flutningatæki sem eru ætluð til kjötflutninga til að flytja lifandi dýr eða neina þá vöru eða afurð sem getur haft áhrif á eða mengað kjöt.

79. Ekki má flytja neinar aðrar vörur, sem gætu haft áhrif á hreinleika alifuglakjötsins eða mengað það, á sama tíma og kjötið í sama flutningatæki.
- Ekki má flytja innpakkað og óinnpakkað kjöt með sama flutningatæki nema í flutningatækinu sjálfu sé hæfilegt skilrúm þannig að óinnpakkaða kjötið komist ekki í snertingu við innpakkaða kjötið.
80. Ekki má flytja nýtt alifuglakjöt í flutningatæki eða ílátí sem er ekki hreint og hefur ekki verið sótthreinsað.
81. Stjórnandi starfsstöðvarinnar, eigandi eða fulltrúi hans skal sjá til þess að flutningatæki og aðstæður við fermingu séu þannig að unnt sé að uppfylla hreinlætiskröfur þessa kafla. Einhver úr skoðunarhópnum sem kveðið er á um í þriðju undirgrein 2. mgr. 8. gr. í þessari tilskipun skal ganga úr skugga um að þessu ákvæði sé fullnægt.
-

## II. VIÐAUKI

## I. KAFLI

## ALMENN SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU AFKASTALÍTILLA STARFSSTÖÐVA

Afkastalítlar starfsstöðvar verða að minnsta kosti að hafa:

1. Í sölum þar sem unnið er með nýtt kjöt eða það meðhöndlað:
    - a) vatnshelt gólfefni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa, er rotvarið og þannig gert að frárennsli eigi greiða leið; vatnið skal leitt að ræsi með rist og vatnslás til að koma í veg fyrir óþef;
    - b) slétta, endingargóða, vatnsþétta veggj með ljóstri klæðningu, sem má þvo, upp í að minnsta kosti tveggja metra hæð.  
Notkun timburveggja í húsnæðinu sem um getur í 16. lið IV. kafla I. viðauka er ekki næg ástæða til að afturkalla viðurkenningu hafi þeir verið reistir fyrir 1. janúar 1994;
    - c) hurðir úr slitþolnu, ótæranlegu efni.  
Sé kjötið geymt í umræddri starfsstöð verður starfsstöðin að hafa geymslur sem uppfylla framangreindar kröfur;
    - d) lyktarlausa einangrun sem rotnar ekki;
    - e) næga loftræstingu og góðan búnað til að fjarlægja gufu;
    - f) næga dagsbirtu eða gervilytingu sem breytir ekki litum.
  2. a) Næga aðstöðu til að þvo og sótthreinsa hendur og til að þrifa áhöld með heitu vatni eins nálægt verkstöðvum og unnt er. Handlaugar skulu vera með rennandi heitu og köldu vatni, eða vatni sem búið er að blanda og hitastilla, efni til að þvo og sótthreinsa hendur og hreinlegan búnað til að þurrka hendurnar með;
  - b) á staðnum eða í næsta herbergi tæki til að sótthreinsa áhöld, með vatni sem er að minnsta kosti 82 °C.
3. Viðeigandi búnað til varnar gegn meindýrum, svo sem skordýrum og nagdýrum.
4. a) Tæki og vinnslubúnað, svo sem skurðarborð, borð með lausum skurðarbrettum, flát, færribönd og sagir úr tæringarþolnum efnum sem hafa ekki áhrif á kjötið og auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Bannað er að nota við;
- b) tæringarþolnar innréttingar og búnað sem uppfylla hreinlætiskröfur að því er varðar:
  - meðhöndlun á kjöti,
  - geymslu á kjötlátum, þannig að hvorki kjötið né flátin komist í beina snertingu við gólf eða vegg;
- c) sérstök vatnsþétt tæringarþolin flát, með lokum og festingum til að koma í veg fyrir að óviðkomandi fjarlægi hluti úr þeim, undir nýtt kjöt sem ekki er ætlað til manneldis; slíku kjöti skal fargað í lok hvers vinnudags.
5. Kælibúnað til að viðhalda innra hitastigi kjötsins í samræmi við þessa tilskipun. Frárennsli frá honum skal leitt í skólplögnina og á ekki að geta mengað kjötið.
6. Búnað sem sér fyrir nægu drykkjarhæfu vatni undir þrýstingi í skilningi tilskipunar 80/778/EBE. Þó má í undantekningartilvikum leyfa búnað fyrir ódrykkjarhæft vatn til framleiðslu á gufu, við slökkvistarf og til kælingar á frystibúnaði, enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að vatnið verði notað á annan hátt og engin hættu sé á að nýtt kjöt mengist. Lagnir fyrir ódrykkjarhæft vatn verða að vera auðþekktanlegar frá lögnum fyrir drykkjarhæft vatn.
7. Búnað sem sér fyrir nægu heitu drykkjarhæfu vatni í skilningi tilskipunar 80/778/EBE.

8. Fráveitukerfi sem uppfyllir hreinlætiskröfur fyrir skólp.
9. Að minnsta kosti eina handlaug og vatnssalerni. Salerni mega ekki opnast beint inn í vinnslusali. Handlaugarnar skulu vera með rennandi heitu og köldu vatni eða vatni sem búið er að blanda og hitastilla, efni til að þvo og sótthreinsa hendur og hreinlegan búnað til að þurrka hendurnar með. Handlaugarnar verða að vera nálægt salernum.

## II. KAFLI

### SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU AFKASTALÍTILLA SLÁTURHÚSA

10. Auk þess að uppfylla almennu skilyrðin verða afkastalítill sláturhús að minnsta kosti að hafa:
  - a) slátursal sem er nógu stór til að deyfing og blæðing annars vegar og reyting og hugsanlega skáldun hins vegar geti farið þar fram á aðskildum stöðum;
  - b) vegg í slátursalnum sem hægt er að þvo upp í minnst tveggja metra hæð eða allt að lofti;
  - c) sal til að fjarlægja líffæri og meðhöndla sem er nógu stór til að brotnám líffæra geti farið fram á stað sem er nógu langt frá öðrum verkstöðvum eða skilið frá þeim með vegg til að koma í veg fyrir að smit berist;
  - d) kæliklefa með geymslurými sem hæfir umfangi og tegund slátrunar og hvað sem öðru líður með læstu afdrepi af lágmarksstærð þar sem hægt er að skoða skrokka sem á að greina.

Lögbært yfirvald getur í einstökum tilvikum veitt undanþágur frá þessari kröfu ef farið er með kjötið rakleiðis frá slíkum sláturhúsum til stykkjunarstöðva eða kjötverslana í næsta nágrenni við sláturhúsið, að því tilskildu að flutningurinn taki ekki meira en eina klukkustund.

11. Strax og komið hefur verið með dýr inn í slátursalinn skal deyfa þau og slátra þeim, nema þegar um er að ræða slátrun í tengslum við trúarsíði.

12. Ekki má slátra sjúkum dýrum eða dýrum sem grunur leikur á um að séu sýkt nema lögbæra yfirvaldið veiti til þess undanþágu.

Þegar undanþága er veitt verður slátrunin að fara fram undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins og gera þarf ráðstafanir til að koma í veg fyrir smit; athafnasvæðið verður að hreinsa sérstaklega og sótthreinsa undir opinberu eftirliti áður en það er notað aftur.

## III. VIÐAUKI

## MENNTUN OG HÆFI AÐSTOÐARMANNA

1. Einungis umsækjendur sem geta fært sönnur á að þeir hafi:
  - a) sótt bóklegt námskeið sem er viðurkennt af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum, í þeim greinum sem um getur í a-lið 3. liðar;
  - b) hlotið verklega þjálfun undir eftirliti opinbers dýralæknis,geta tekið prófið sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar. Verklega þjálfunin skal fara fram í sláturhúsum, stykkjunarstöðvum, kæligeymslum og skoðunarstöðvum fyrir nýtt kjöt eða, þegar um er að ræða skoðun fyrir slátrun, á bújörð.
2. Þó geta aðstoðarmenn sem uppfylla kröfur III. viðauka við tilskipun 64/433/EBE sótt þjálfunarnámskeið þar sem bóklegi hlutinn tekur ekki nema fjórar vikur.
3. Prófið sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar skal skiptast í bóklegan og verklegan hluta og taka til eftirfarandi efnissviða:
  - a) vegna vitjunar á bújarðir:
    - i) bóklegur hluti:
      - almennrar þekkingar á alifuglaiðnaðinum, skipulagningar hans, efnahagslegrar þýðingar, framleiðsluaðferða og alþjóðaviðskipta, o.s.frv.,
      - líffærafræði og meinafræði alifugla,
      - grunnþekkingar á sjúkdómum — veirum, gerlum, sníklum, o.s.frv.,
      - sjúkdómseftirlits og notkunar á lyfjum/bóluefnum og efnaleifaprófum,
      - hreinlætis- og heilbrigðisskoðunar,
      - góðrar meðferðar á fuglum á bújörðinni, við flutninga og í sláturhúsinu,
      - umhverfiseftirlits — í byggingum, á býlum og almennt,
      - innlendra og alþjóðlegra reglna,
      - viðhorfa neytenda og gæðaeftirlits;
    - ii) verklegur hluti:
      - vitjunar á ólík býli þar sem mismunandi ræktunaraðferðir eru viðhafðar,
      - vitjunar í framleiðslustöðvar,
      - aðferða við fermingu og affermingu við flutninga,
      - vitjunar á rannsóknarstofur,
      - dýraheilbrigðiseftirlits,
      - gagnasöfnunar,
      - starfsreynslu;
  - b) vegna skoðunar í sláturhúsi:
    - i) bóklegur hluti:
      - grunnþekkingar á líffærafræði og lífeðlisfræði slátraðra dýra,
      - grunnþekkingar á meinafræði slátraðra dýra,
      - grunnþekkingar á líffærameinafræði slátraðra dýra,
      - grunnþekkingar á hreinlætisreglum og sérstaklega hreinlætisreglum í iðnaði, þar á meðal hreinlætisreglum við slátrun, stykkjun og geymslu auk vinnuhreinlætis,
      - þekkingar á aðferðum og tilhögun við slátrun, skoðun, undirbúning, umbúning, innpökkun og flutninga á nýju kjöti,
      - þekkingar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem tengjast starfinu,
      - sýnatökuaðferða;
    - ii) verklegur hluti:
      - skoðunar og mats á slátruðum dýrum,
      - ákvörðunar dýrategundar með rannsókn á dæmigerðum hlutum dýrs,
      - ákvörðunar á tilteknum fjölda hluta slátraðra dýra þar sem breytingar hafa komið fram ásamt athugasemdum þar um,
      - skoðunar eftir slátrun í sláturhúsi,
      - hreinlætiseftirlits,
      - sýnatöku.

## IV. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

HEILBRIGÐISVOTTUN<sup>(1)</sup>

með alifuglakjöti sem er flutt frá bújörð til sláturhúss

Þar til bær þjónusta: ..... Nr.<sup>(2)</sup>: .....

## I. Upplýsingar um dýrin

Dýrategund: .....

Fjöldi dýra: .....

Auðkenni: .....

## II. Uppruni dýranna

Heimilisfang upprunabújarðar: .....

.....

## III. Áfangastaður dýranna

Dýrin verða send til eftirfarandi sláturhúss: .....

.....

með eftirfarandi flutningatækjum: .....

## IV. Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti að dýrin sem lýst er hér að framan voru skoðuð fyrir slátrun á framangreindri bújörð hinn ..... kl. .... og reyndust þau vera heilbrigð.

Gjört í ....., hinn .....

.....

(Undirskrift opinbers dýralæknis)

<sup>(1)</sup> Þetta vottorð gildir í 72 klukkustundir.<sup>(2)</sup> Valfrjálst.

## V. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

## HEILBRIGÐISVOTTUN

með skrokkum alifugla þegar síðbúið brotnám innflya fer fram eða með skrokkum anda og gæsa sem eru aldar til framleiðslu á „foie gras“ (fituríkri lifur) og þær deyðar, þeim látið blæða og þær reyttar á eldisbýlinu og síðan fluttar til stykkjunarstöðvar sem er með sérstakan klefa fyrir brotnám innflya

Þar til bær þjónusta: ..... Nr.<sup>(1)</sup>: .....

## I. Upplýsingar um skrokka með innflym

Fuglategund: .....

Fjöldi skrokka með innflym: .....

## II. Uppruni skrokka með innflym

Heimilisfang eldisbýlis: .....

.....

## III. Áfangastaður skrokka með innflym

Skrokkarnir með innflynum verða sendir til eftirfarandi stykkjunarstöðvar: .....

.....

## IV. Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti að skrokkar með innflym sem lýst er hér að framan eru af fuglum sem voru skoðaðir fyrir slátrun á framangreindu eldisbýli hinn ..... kl. ....  
og reyndust vera heilbrigðir.

Gjört í ....., hinn .....

.....

(Undirskrift opinbers dýralæknis)

\_\_\_\_\_

<sup>(1)</sup> Valfrjálst.

## VI. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

## HEILBRIGÐISVOTTORÐ

með nýju alifuglakjöti<sup>(1)</sup>Nr.<sup>(2)</sup> .....

Fermingarstaður: .....

Ráðuneyti: .....

Deild: .....

Tilvísun<sup>(2)</sup>: .....

## I. Upplýsingar um kjötið

Kjöt af: .....  
(dýrategund)

Hvernig stykkjað: .....

Tegund umbúða: .....

Fjöldi stykkja eða pakkninga: .....

Mánuður og ár þegar kjötið var fryst: .....

Nettóþyngd: .....

## II. Uppruni kjötsins

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkennds/dra sláturhúss/a: .....

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkenndrar/dra stykkjunarstöðvar/a: .....

Heimilisfang og löggildingarnúmer viðurkenndrar/dra kæligeymslu/na: .....

## III. Viðtökustaður kjötsins

Kjötið verður sent frá: .....  
(fermingarstaður)tíl: .....  
(viðtökuland og -staður)með eftirfarandi flutningatæki<sup>(3)</sup>: .....

Nafn og heimilisfang sendanda: .....

Nafn og heimilisfang viðtakanda: .....

<sup>(1)</sup> Nýtt alifuglakjöt er samkvæmt tilskipuninni sem um getur í IV. lið þessa vottorðs: hver sá hluti af eftirtöldum tegundum sem telst hæfur til manneldis: hænsnum, kalkúnnum, perluhænsnum, öndum, gæsum, kornhænum, dúfum, fashönum og akurhænum, ræktuð sem húsdýr, sem hefur ekki fengið neina meðferð til að lengja endingartímann. Þó telst kjöt sem hefur verið kælt eða fryst vera nýtt.

<sup>(2)</sup> Valfrjálst.

<sup>(3)</sup> Þegar um járnbrautarvagna og vörubíla er að ræða skal gefa upp skráningarnúmer en flugnúmer fyrir loftför og heiti ásamt gámanúmeri þegar um skip er að ræða.

## IV. Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti:

- a) að alifuglakjötið sem lýst er hér að framan uppfyllir kröfur tilskipunar ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum, og einnig kröfur annarrar undirgreinar 1. liðar þáttar A í 3. gr. þeirrar tilskipunar, enda eigi kjötið að fara til aðildarríkis eða héraðs í aðildarríki sem lýst hefur verið laust við Newcastle-veiki;
- b) — að alifuglakjötið sem lýst er hér að framan og,  
— umbúðirnar utan um framangreint alifuglakjöt,  
eru með merki til staðfestingar á að:  
— kjötið er af dýrum sem hefur verið slátrað í viðurkenndum sláturhúsum,  
— kjötið var stykkjað í viðurkenndri stykkjunarstöð;
- c) að þetta kjöt hefur verið lýst hæft til mannelis eftir dýraheilbrigðisskoðun sem fram fór í samræmi við tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971, um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt, eða tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 um vanda er varðar heilbrigði manna og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanfukjöti og alivillibráð;
- d) að flutningatæki og gámar ásamt aðstæðum við fermingu þessarar vörusendingar uppfylla hreinlætis-kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 71/118/EBE.

Gjört í ....., hinn .....

.....  
(Nafn og undirskrift opinbera dýralæknisins)

\_\_\_\_\_

VII. VIÐAUKI

**MERKIMÍÐI Á STÓRAR PAKKNINGAR**

---

Fyrirhuguð not: stykkjun/hitameðferð<sup>(1)</sup>

Heimilisfang viðtakanda: .....

.....

.....

---

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

---